

Forsetafrú Úkraínu

Nærmynd af Oleni Selensvku,
forsetafrú Úkraínu. > 24



Nám fyrir alla á Flateyri

Í Lýðskólanum á Flateyri er
boðið upp á óhefðbundið
framhaldsskólanám. > 22



Allt fyrir skólann

úrvalið er hjá okkur

FRÉTTABLAÐIÐ

149. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

LAUGARDAGUR 23. JÚLÍ 2022

Fögnum með gleðina að vopni

Bjarni Snæbjörnsson
leikari flytur lag Hinsegin
daga í ár. Hann hvetur alla
til að taka þátt í hátíðinni,
fagna fjölbreytileikanum og
sýna hinsegin samfélaginu
stuðning af heilindum. > 18



FRÉTTABLAÐIÐ/EYBÓR

ÞAÐ MÁ
LEIKA SÉR
AÐ MATNUM!



Grillaðu
gómsætan
eftirrött í
sumar!

KRÓNAN



Staðan í Venesúela er ótrygg á morgun hátt. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Venesúelamaður á að fá vernd hér

gar@frettabladid.is

DÓMSMÁL Karlmaður frá Venesúela sem kom hingað til lands og sótti um vernd í janúar síðastliðnum á að fá slíka vernd. Þetta er niðurstaða kærufundar útlendingamála sem þar með hnekkir ákvörðun Útlendingastofnunar um að manningnum yrði vísað úr landi.

Útlendingastofnun taldi manninn ekki vera flóttamann og að hann uppfyllti ekki heldur skilyrði til að fá dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða.



Maðurinn sótti um vernd hér sama dag og móðir hans fékk vernd.

Kærufundin segir manninn hafa flúið frá Venesúla til Perú í janúar 2018. Þar hafi hann dvalið í þrjú ár. Hann hafi tekið þátt í mótmælum gegn stjórnvöldum í Venesúela og orðið vitni að miklu ofbeldi af hálfu þarlandra stjórnvalda.

„Hann hafi séð vini sína handtekna eða skotna og ekki hafi verið hægt að fara með þá á spítala af ötta við yfirvöld,“ segir í úrskurði nefndarinnar. Þá kemur fram að móðir mannsins hafi fengið alþjóðlega vernd á Íslandi sama dag og hann sótti sjálfur um slíka vernd.

Í úrskurði kærufundar er farið ítarlega í saumana á stöðu mála í Venesúela og alþjóðlegar skilgreiningar í mannréttindamálum. Ljóst sé að leiðbeiningar Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna frá 2019 um að senda venesúelska ríkisborgara ekki aftur til Venesúela gegn þeirra vilja væru enn í gildi.

„Er það mat kærufundar að aðstæður í heimaríki kæranda séu slíkar að raunhæf ástæða sé til þess að ætla að hann eigi á hættu að sæta þar meðferð sem ná því marki að teljast ómannúðleg eða vanvirðandi,“ segir meðal annars í úrskurðinum. ■

Horfur góðar í Vallanesi



Það styttist í kornsláttu í Vallanesi á Héraði og var Eymundur Magnússon bóndi að skoða horfurnar er Fréttablaðið bar að garði. Sumarið hefur verið heldur klént veðurarslega að sögn heimamanna en vonir standa til að uppskeran verði í meðallagi. Gulu akrarnir setja svip sinn á umhverfið en byggði í Vallanesi er, ólíkt mestallri kornframleiðslu hér á landi, nýtt til manneldis. FRÉTTABLAÐIÐ/BJÖRN



Steve Bannon á leið úr dómsal í gær.

Ráðgjafinn sekur

gar@frettabladid.is

BANDARÍKIN Kvíðdómur fyrir alríkisdómstóli sagði í gær Steve Bannon, fyrrverandi ráðgjafa Donalds Trump, sekan um óvirðingu við þing landsins með því að neita að bera vitni um árásina á þinghúsið í janúar 2021.

Lágmarksviðurlög fyrir brotið er þrjátíu daga fangelsi. Dómur verður kveðinn upp 21. október. ■

Lágt fasteignamat hindri framkvæmdalán úti á landi

Ósanngjarn er að íbúi á höfuðborgarsvæðinu fái miklu herra framkvæmdalán en eigandi svipaðrar eignar fjarri borginni, segir Þórshafnarbúi. Sláandi munur er á fasteignamati eftir landshlutum.

bth@frettabladid.is

LANGANESBYGGÐ Almar Marinósson, íbúi á Þórshöfn, gagnrýnir að bankar í eigu ríkisins miði útlán við fasteignamat en ekki brunabótamat þegar bankarnir ákveða lánsfjárhæð til framkvæmda á húsnæði.

Í landi þar sem verðmunur á samþærilegri eign geti verið hundrad milljónir króna milli landsvæða segi sig sjálft að illa gangi fyrir margt fólk úti á landi að fá framkvæmdalán ef vilji stendur til umbóta.

„Við ætlum að fara í kostnaðarsamar framkvæmdir á okkar heimili hér á Þórshöfn, húsi sem við fjárfestum í fyrir nokkrum árum. Ég vildi taka lán til að geta framkvæmt mikið á stuttum tíma. Ég er borgunarmaður fyrir láninu, það sýnir nýlegt greiðslumat, en samt fæ ég ekki lánað það sem mig vantar. Ástæðan er lágt fasteignamat,“ segir Almar.

Hann segir himin og haf milli markaðsvirði eigna víða úti á landi og í Reykjavík en ef kvikni í samþærilegum eignum kunní lítill munur að vera metinn á raunvirði eignanna og greiðsla bóta taki mið af því.

Almar leggur því til að bankarnir hætti að miða við fasteignamat þegar þeir taki ákvarðanir um útlán vegna framkvæmda við húsnæði. Réttmætara væri að miða lán við brunabótamat.

„Ég á fasteign sem byggð var 1977, einbýlishús að stærð 234 fermetrar.



Almar Marinósson á Þórshöfn gagnrýnir bankakerfið. FRÉTTABLAÐIÐ/BJÖRN



Ég sé ekki áhættu bankanna við að lána mér fyrir framkvæmdum á forsendum brunabótamats, fremur en fasteignamats.

Almar Marinósson, íbúi á Þórshöfn

Að sögn Almars ættu forsendur hins opinbera ekki að byggja á huglægu mati heldur vel igrunduðum forsendum um að halda landinu öllu í byggð.

„Ég sé ekki áhættu bankanna við að lána mér fyrir framkvæmdum á forsendum brunabótamats, fremur en fasteignamats. Greiðslumat okkar sýnir það. Það eru sömu kröfur um greiðslumat á Þórshöfn og á höfuðborgarsvæðinu,“ segir Almar.

Forsendur fasteignalána eru almennt veð í 70 prósentum af fasteignamati viðkomandi fasteignar.

Ef eign brennur eða eyðileggst í náttúruhamförum er ekki gengið út frá markaðsvirði þegar kemur að bótum heldur er notast við brunabótamat. Það mat var samræmt á landsvísi fyrir allmörgum árum, því talið var eðlilegast að fólk ætti að geta komið þaki yfir höfuðið aftur með því að byggja á sama stað og húsið brann eða eyðilagðist. Almar telur af ofantöldu eðlilegra að brunabótamat ráði lántökufjárhæð er kemur að ákvörðunum um framkvæmdalán, ekki fasteignamat. ■

AÐALFUNDUR

Dýraverndarsambands Íslands



Aðalfundur Dýraverndarsambands Íslands fyrir árin 2019-2020-2021, verður haldinn í húsnæði félagsins, sunnudaginn 7. ágúst kl. 15:00

Rétt til setu eiga fullgildir félagar.

Stjórnin.



Hyundai TUCSON

Plug-in Hybrid



Plug-in Hybrid



Rafmögnuð hönnun. Frábær bíll verður enn betri.

Byltingin heldur áfram. Tæknilega fullkominn Hyundai Tucson Plug-in Hybrid setur ný viðmið í hagkvæmni, þægindum og glæsilegri hönnun. Tucson er hlaðinn spennandi tækni og sjaldan hefur boðist jafn vel búinn og glæsilegur borgarjeppi á jafn hagstæðu verði. Komdu, skoðaðu og reynsluaktu.

Hyundai Tucson PHEV. Verð frá: 6.490.000 kr.

www.hyundai.is

Opið í dag frá 12–16

Ísbíll frá Valdísi verður
á staðnum frá 14–16 í dag



Hyundai | Kaupúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is



Hyundai býður eina víðtækustu ábyrgð sem til er. Ábyrgð á öllum nýjum Hyundai bílum er sjö ár/150.000 km akstur, hvort sem kemur á undan. Átta ár/160.000 km ábyrgð er á rafhlöðum. Staðbundnir skilmálar gilda. Kynntu þér allt um ábyrgðina á hyundai.is



Tölur vikunnar

40

milljónir eru aðkeyptur lögfræðikostnaður ÁTVR frá 2018 vegna mál-sókna.



1,5

prósent er vegin hækkun matvöru milli júní og júlí samkvæmt verðkönnun.



2.000

Reykvíkingar hafa skráð sig í ferðapjónustuappið CouchSurfing.

40,3

gráðu hiti mældist í Bretlandi í vikunni.



30

liggja nú á sjúkrahúsi vegna Covid-19.

Þrjú í fréttum

Aldís Hafsteinsdóttir

fyrirverandi bæjarstjóri Hveragerðis



fékk greidd sex mánaða biðlaun auk akstursstyrks frá Hveragerði þegar hún lét af störfum í byrjun sumars. Breytir þar engu að hún hafi þegar

verið ráðin í annað starf sem sveitarstjóri Hrunamannahrepps. Kostnaður Hveragerðis vegna biðlaunanna var 20.058.749 krónur að því er fram kemur í fundargerð bæjarráðs.

Ihab Alhomrani

flóttamaður



er einn þeirra sem ríkisstjórn Íslands hefur ákveðið að flytja úr landi eftir að takmörkunum vegna Covid var aflétt. Ihab hefur

búið á Íslandi í eitt og hálf ár en ilengdist hér á landi vegna heimsfaraldursins. Tæplega 200 manns biða eftir að verða vísað úr landi eftir að brottvísanir hófust að nýju.

Þórolfur Guðnason

sóttvarnalæknir



segir að meira sé um að fólk smitist aftur af kórónaveirunni sem veldur Covid-19 nú en áður. Dæmi séu um að fólk, sem

hafi jafnvel smitast tvisvar áður, smitist nú í þriðja skiptið af veirunni. „Eftir því sem fólk smitast oftar ættu einkennin að vera vægari,“ segir Þórolfur. ■

Öryggisnetið hvalreki sveitarstjóra

Athygli hefur vakið að Aldís Hafsteinsdóttir, fyrirverandi bæjarstjóri Hveragerðis, sem réð sig í nýtt starf strax eftir kosningarnar í vor, heldur fullum biðlaunum í sex mánuði hjá Hveragerði þótt hún sé á fullum og sambærilegum launum í nýja starfinu.

olafur@frettabladid.is

SVEITARSTJÓRNIR Almenna reglan á íslenskum vinnumarkaði er sú að ráði starfskraftur, sem er á launum í uppsagnarfresti eða biðlaunum, sig í annað launað starf á uppsagnarfrestinum/biðlaunatímanum þá missir hann rétt til launa frá sínum gamla vinnuveitanda.

Fái hann jafn há eða hærri laun í nýja starfinu missir hann allan rétt til launa í uppsagnarfresti en séu launin í nýja starfinu lægri en í fyrra starfi á hann rétt á mismuninum frá fyrrri vinnuveitanda.

Hægt er að komast fram hjá þessari meginreglu með samningum milli launþega og vinnuveitenda sem innifela skýr ákvæði um að laun í uppsagnarfresti skerðist ekki þó svo að til komi áhrar launagreiðslur.

Eftir sveitarstjórnarkosningarnar í vor var skipt um bæjar- og sveitarstjóra í mörgum sveitarfélögum. Algengt er að ráðningarsamningar sveitarstjóra tryggja þeim full laun út kjörtímabilið og/eða biðlaun í allt að sex mánuði. Rökin fyrir þessu eru þau að stada sveitarstjóra getur verið mjög ótrygg, þeir geta misst starfið fyrirvaralaust ef breytingar verða á meirihlutasamstarfi á miðju kjörtímabili eða meirihluti fellur í kosningum.

Aldís Hafsteinsdóttir, sem var bæjarstjóri í Hveragerði á síðasta kjörtímabili og réð sig sem sveitarstjóra í Hrunamannahreppi eftir að meirihluti Sjálfstæðismanna í Hveragerði féll í vor, heldur fullum



Hvergerðingar greiða nær 20 milljónir fyrir bæjarstjóra sem látið hefur af störfum.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI



Sum sveitarfélög verða með tvo sveitarstjóra á launum hluta kjörtímabilsins.

biðlaunum og fríðindum í sex mánuði í Hveragerði þrátt fyrir að hún sé þegar komin í nýtt starf með áþekktum kjörum. Kostnaðurinn fyrir Hveragerði er um 20 milljónir og Aldís fær tæpar níu milljónir í vasann eftir skatta.

Ragna Árnadóttir, skrifstofustjóri

Alþingis, bendir í samtali við Fréttablaðið á að 14. grein laga um þingfararkaup taki fyrir svona tvöföld laun á biðlaunatímabili. Þar segir skýrt í 2. málsgrein að taki alþingismaður sem nýtur biðlauna „við starfi í þjónustu ríkisins eða annars aðila áður en þriggja eða sex mán-

aða tímabilið er liðið og skulu þá launagreiðslur samkvæmt þessari grein falla niður ef laun þau er nýja starfinu fylgja eru jöfn eða hærri en biðlaunagreiðslur til hans. Ef launin í nýja starfinu eru lægri skal greiða honum launamismuninn til loka þriggja eða sex mánaða tíma-bilsins.“

Skipt var um sveitarstjóra í fjölmörgum sveitarfélögum eftir kosningarnar í vor. Í Kópavogi, Garðabæ og Seltjarnarnesi hættu bæjarstjórnir sem starfað höfðu lengi og við tóku nýir oddvitar Sjálfstæðisflokksins. Í Reykjavík, Hafnarfirði og Árborg verður skipt um bæjarstjóra á miðju þessu kjörtímabili. Því er ljóst að útsvarsgreiðendur í þessum sveitarfélögum verða með tvo bæjarstjóra á launum í alla vega sex mánuði á þessu kjörtímabili.

Fréttablaðið hefur ekki upplýsingar um hvort fráfarandi bæjarstjórnir í þessum sveitarfélögum njóta fullra biðlauna óháð því hvort þeir fái laun frá öðrum. Sé svo er biðlaunarétturinn, sem átti að vera öryggisnet, orðinn hvalreki fyrir fráfarandi bæjarstjóra. ■

KEMUR ÞÚ AF FJÖLLUM?

Íslensku fjöllin hafa mætt jafningja sínum. Gerðu ferðalagið algjörlega rafmagnað með Jeep® Wrangler Rubicon Plug-In Hybrid.

5 ÁRA ÁBYRGÐ 8 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAFHLOÐUNNI PLUG-IN HYBRID

EIGUM BÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX!

ISBAND ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300
ÓPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LOKAÐ LAUGARDAGA

Jeep

4xe
PLUG-IN HYBRID

JEEP.IS • ISBAND.IS





Herra
lagervinn
 outlet
líka fyrir konur

**Troðfull verslun af
 merkjavöru!**

Rýmning
 Lokadagar

800%

afsláttur af öllum vörum

Herralagerinn Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen) opið virka daga frá kl. 11 til 18

laugardaga frá kl. 11 til 17 sunnudaga frá 13 til 17 sími 568 9512

BOSS
 HUGO BOSS

SAND
 COPENHAGEN

POLO
 RALPH LAUREN

Stenströms

EMPORIO

 ARMANI

eterna

gardeur

HUGO
 HUGO BOSS

Bílaumferð lokað við Hlemmsvæðið

arnartomas@frettabladi.is

REYKJAVÍK Framkvæmdir við Hlemmsvæðið munu hefjast eftir verslunarmannahelgi þar sem svæðinu verður umbreytt með gróðri á setsvæðum, hjólastæði og óformlegum leikrýmum. Svæðið sem um ræðir nær frá Mathöllinni á Hlemmi og að Snorrabraut.

Lokað verður fyrir bílaumferð á svæðinu í vikunni eftir verslunarmannahelgi þar sem unnið verður frá 8-18 á virkum dögum og frá 8-16 á laugardögum. ■



Lokanir verða við Hlemm í ágúst.



Hinn sér íslenski húsnæðisliður hefur bætt tugum milljarða við höfuðstól verðtrygðra lána íslenskra heimila síðustu tólf mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Mætti skoða hvernig vísitalan er reiknuð út

olafur@frettabladi.is

NEYTENDUR Fram hefur komið að samkvæmt samræmdri vísitölu neysluverðs mælist verðbólgan á Íslandi síðustu tólf mánuði sú næstmínsta í Evrópu, 5,4 prósent. Aðeins í Sviss er hún lægri, 3,2 prósent.

Athygli vekur að vísitala neysluverðs hér á landi, sem jafnframt er notuð til verðtryggingar lána, er mun hærri en samræmda vísitalan og skeikar þar um fjórum prósentustigum. Hagstofan birti í gær vísitölu neysluverðs í júlí og tólf mánaða hækkun hennar reyndist vera 9,9 prósent, eða 4,5 prósentustigum meiri en hækkun samræmdu vísitölunnar.

Munurinn á samræmdu vísitölunni og vísitölu neysluverðs sem notuð er til verðtryggingar stafar af því að húsnæðisliðurinn er reiknaður með allt öðrum hætti hér á landi og endurspeglar ekki einungis húsnæðiskostnað heldur einnig þróun fasteignaverðs.



Forstöðumaður Hagfræðistofnunar Íslands segi varhugavert að breyta reiknigrunni neysluverðsvísitölu í mikilli verðbólgu.

Sigurður Jóhannesson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, segir eðlilegt að athuga hvort rétt sé að beita svo séríslenskum aðferðum við útreikning neysluvísitölu, bæði út frá því hvort það standist að reikna verð tiltekins eignaflokks inn í vísitölu neysluverðs og ekki síður út frá samræmi við verðbólguáætlun annarra þjóða.

Sigurður segir þó varhugavert að breyta reiknigrunninum nú í mikilli verðbólgu. Það geti grafið undan trúverðugleika peningastefnunnar. ■

Þarf að skoða barnafangelsi í Elliðahvammum á sama hátt

Árni Kristjánsson sagnfræðingur fagnar skipun nefndar sem fara á ofan í saumana á vöggustofumálinu. Hann segir að fleira þurfi að skoða, meðal annars það sem hann kallar barnafangelsið að Elliðahvammum.

elinhirst@frettabladi.is

BARNAVERNDARMÁL „Eins og mál hafa þróast þá fór þetta á besta veg,“ segir Árni H. Kristjánsson, sagnfræðingur og einn forsvarsmanna samtakanna Réttlætis, sem barist hafa fyrir því að rekstur vöggustofunnar á Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins, sem Reykjavíkurborg bar ábyrgð á, verði rannsakaður. Talið er að um 1.300 börn á aldrinum 0–2 ára hafi verið vistuð á vöggustofunum frá árinu 1949 til 1979.

Borgarráð samþykkti í fyrradag skipun nefndar um heildstæða athugun á starfsemi vöggustofanna. Kjartan Björgvinsson héraðsdómari verður formaður nefndarinnar og með honum í nefndinni eru Urður Njarðvík, prófessor í barnasálfræði og fyrrverandi deildarforseti sálfræðideildar HÍ, og Ellý Alda Þorsteinsdóttir félagsráðgjafi.

Fjöldmörg vitni hafa komið fram, meðal annars í umfjöllun Fréttavaktarinnar á Hringbraut, um að mikið hafi vantað upp á að andlegum þörfum barnanna sem vistuð voru á vöggustofum Reykjavíkurborgar hafi verið sinnt.

Börnin voru látin vera í rúmum sínum mest allan sólarhringinn, foreldrar máttu ekki heimsækja þau og starfsfólki uppálagt að mynda ekki tengsl við börnin. Líkamlegum þörfum var hins vegar sinnt og mikið lagt upp úr hreinlæti og máttu börnin til dæmis ekki hafa leikföng og útivist var mjög takmörkuð. Margir félagsmenn í hópnum Réttlætis telja að fjöldi fólks hafi orðið fyrir óbætanlegum skaða af því að vera vistaður á þessum stofnunum.

„Við vonumst innilega til þess, fulltrúar Réttlætishópsins, að fá áheyrn hjá nefndinni þannig að við getum komið ábendingu á framfæri um það sem við höfum orðið vísari,“ segir Árni, sem kveðst vera kunnugur svokallaðri vistheimilaneftnd og hafa verið ánægður með margt í hennar störfum, til dæmis úttektina á barnaheimilinu Silungapollu.

„En því miður tók nefndin alvarlega hluti, svo sem rekstur vöggustofanna, alveg út fyrir sviga,“ segir Árni og bætir við að önnur heimili, eins og barnafangelsið að Elliðahvammum, hafi fengið takmarkaða skoðun.



„Parna voru framin mjög alvarleg mannréttindabrot að mínu mati,“ segir Árni Kristjánsson sagnfræðingur um Elliðahvamm. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Lögreglan kom með börnin að Elliðahvammum, aðallega drengina, og þeir voru læstir inni og yfirheyrdir.


Árni H. Kristjánsson, sagnfræðingur og einn forsvarsmanna samtakanna Réttlætis


„Það voru rimlar fyrir gluggum og þarna voru aðallega drengir vistaðir, svokallaðir ónyttadrengir, en líka unglingsstúlkur sem höfðu strokið úr vist eða að heiman. Lögreglan kom með börnin að Elliðahvammum, aðallega drengina, og þeir voru læstir inni og yfirheyrdir,“ svarar Árni spurður hvers vegna hann kalli Elliðahvamm barnafangelsi.

„Parna voru framin mjög alvarleg mannréttindabrot að mínu mati sem einnig þurfa ítarlegar rannsóknar við. Síðan var hitt hlutverk Elliðahvamm að vista börn á meðan langtímavistunar var leitað og ég og bróðir minn vorum vistadír þar á þeim forsendum, það er að segja ekki sem fangar,“ bætir Árni við.

Hin nýskipaða vöggustofunefnd skal vera sjálfstæð og óháð og verður henni heimilt að kalla eftir aðstoð og upplýsingum frá aðilum innan og utan stjórnkerfis Reykjavíkurborgar. Nefndarmenn og starfsmaður hennar eru bundnir þagnarskyldu um hvað eina er varðar einkalíf fólks sem þeir fá upplýsingar um við störf nefndarinnar. Nefndin á að ljúka störfum eigi síðar en 31. mars 2023 og ákveður borgarráð meðferð skýrslna nefndarinnar sem það fær.

„Mér sýnist af skipunarbréfinu að nefndin hafi nokkuð frjálssar hendur sem er gott. Ég vonast einnig til að nefndin skoði ábendingar okkar um ættleiðingar og föstur á börnum, sem oft voru viðhöfð á mjög vafasömum forsendum fyrir milligöngu vöggustofanna og félagsmála-yfirvalda borgarinnar. Það er einnig alvarlegt mál sem þarfnast ítarlegrar skoðunar hjá nefndinni,“ segir Árni Kristjánsson. ■





Mikið úrval til af gólfteppum á lager

Kíktu við og saman finnum við draumateppið á stigann þinn. Helstu eiginleikar gólfteppanna okkar eru mýkt, hlýleiki og mikil gæði.



Finndu okkur á Facebook!
facebook.com/Parki.interiors

Dalvegi 10-14, 201 Kópavogi | 595 0570

Ég er drusla.



Við styðjum Druslugönguna með stolti.
Askja, umboðsaðili Mercedes-Benz á Íslandi.

Jafngildi fjögurra Langjökla brunnið í Úkraínu

thorgrimur@frettabladid.is

LOFTSLAGSMÁL Samkvæmt tölum sem birtar voru á þýsku tölfraeðivefsíðunni Statista á miðvikudaginn er Úkraína það land í Evrópu þar sem mest landsvæði hefur brunnið í gróðureldum á árinu. Í úttekt vefsíðunnar kemur fram að alls hafi 354.934 hektarar lands brunnið á árinu, sem er langt yfir meðaltali síðustu ára í landinu, sem er aðeins um 17.600 hektarar. Þetta svæði samsvarar um 3.549 ferkílómetrum. Það jafngildir tæplega ferföldu flatarmáli Langjökuls.

Rúmenía er í öðru sæti á listanum en kemst þó ekki með tænar þar sem Úkraína er með hælana. Samkvæmt tölfraeðinni hafa 149.264 hektarar brunnið þar í landi, en meðaltalið frá 2006 til 2021 var aðeins 13.313. Spánn var í þriðja sæti með 92.503 hektara miðað við 66.965 hektara meðaltal.

Þessar tölur eru miðaðar við 15. júlí síðastliðinn. Þær eru því teknar áður en gróðureldarnir í yfirstandandi hitabylgju hófust fyrir alvöru í vikunni. Í nýlegri tölum frá Evrópska skógareldaupplýsingakerfinu (EFFIS) eru Spánn og Króatía

hástökkvararnir meðal ESB-rikja miðað við síðustu ár á eftir Rúmeníu.

Á Spáni hafði 200.371 hektari lands orðið eldi að bráð miðað við 66.965 hektara ársmeðaltal. Í Króatíu höfðu 30.889 brunnið en ársmeðaltalið er aðeins 13.113,06 hektarar.

Í Spáni og Portúgal námu dauðsföll í tengslum við hitabylgjuna um 1.000 á þriðjudaginn. Í Frakklandi höfðu rúmlega 14.000 manns þurft að flýja frá heimilum sínum vegna gróðurelda, sem höfðu breiðst yfir tæplega 11.000 hektara lands. ■



Um 5.500 hektarar hafa brunnið í Vilariño de Conso á Spáni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Frantz og Collins draga upp dökka mynd af fiskeldi í sjókvíum.

Dökk mynd af sjókvíaeldi í Time

thorgrimur@frettabladid.is

FISKELDI Bandaríska tímaritið Time birti í gær útdrátt úr bók eftir Pulitzer-verðlaunahafann Douglas Frantz og Catherine Collins þar sem dregin er upp dökk mynd af sjókvíafiskeldi. Bókin, sem ber titilinn Salmon Wars, byggir á tveggja ára rannsókn á alþjóðlega laxeldisíðnaðinum og á viðtölum við vísindamenn, veiðimenn og aðgerðasinna.

Varpa Frantz og Collins fram þremur spurningum: Hvort neysla eldislax sé heilsusamleg, hvort laxeldi í sjókvíum sé sjálfbært og hvort eldislaxar séu aldri þannig að það valdi ekki umhverfisspjöllum. Öllu þessu er svarað neitandi.

Frantz og Collins segja sjókvíaeldis lax bæði innihalda fjölda sníkjudýra og mengunarefna sem fari langt fram yfir það sem Alþjóðaheilbrigðisstofnunin mæli með. Þau segja fullyrðingar um sjálfbærni sjókvíafiskeldis villandi og benda á að vegna vinnslu fódurs fyrir eldislax úr smáfiskum lenti laxeldið í samkeppni við veiðimenn undan ströndum Vestur-Afríku og Perú.

Þá gagnrýna Frantz og Collins útbreiðslu sélusar og veira í sjókvíum, mikla notkun á plágu-eyði og úrgang sem spilli lífríki við kviarnar. Eldislaxar séu jafnan smáir og veikburða, veiki erfðamengi villtra laxa og setji stofna þeirra í hættu. ■

Dráp á Róhingjum rannsakað áfram

gar@frettabladid.is

MJANMAR Þrátt fyrir margvíslegar mótbárur stjórnvalda í Mjanmar heldur rannsókn áfram á morðum á þjóðarbroti Róhingja. Þetta ákvað Alþjóðadómstóllinn í Haag í gær.

Gambía bar málið undir dómstóllinn árið 2019. Vildi Afríkuríkið tryggja að Mjanmar yrði dregið til ábyrgðar fyrir morð á fólki úr minni hluta múslima og fyrirbyggja að slíkt endurtaki sig, að sögn Danmarks Radio. Fulltrúi Mjanmar sagði í dag að landið myndi gera allt til að vernda þjóðarhagsmunum sína. ■

Bogi segir að ástandið á flugvöllum hafi haft mikil áhrif á Icelandair

Forstjóri Icelandair segir að ástandið á flugvöllum í Evrópu hafi haft áhrif á félagið. Það að félagið hafi skilað hagnaði á öðrum ársfjórðungi sýni að eftirspurnin sé að taka við sér. Hann kveðst bjartsýnn á að félagið muni skila hagnaði á seinni helmingi ársins.

magdalena@frettabladid.is

VIDSKIPTI Mannekla á mörgum flugvöllum erlendis hefur valdið mikilli röskun á flugi og hefur Icelandair ekki farið varhluta af þessu ástandi. Flugfélagið hefur gripið til ýmissa aðgerða til að áhrifin af þessu verði sem minnst.

Til dæmis hefur Icelandair sent frá sér hlaðmenn með áætlunarflogi til Amsterdam, þar sem ástandið hefur verið hvað mest krefjandi. Þá hefur það einnig sent starfsfólk út til að greiða úr hinum ýmsu málum.

Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair, segir að ástandið á flugvöllum í Evrópu hafi haft mikil áhrif á félagið.

„Þetta hefur haft áhrif á okkar starfsemi en þrátt fyrir að við höfum ekki náð okkar markmiðum hvað varðar stundvísi, þá erum við í góðri stöðu til að bregðast við,“ segir Bogi og bætir við að leiðakerfi félagsins sé þétt og sterkt.

„Við erum með marga áfangastaði og tíðar ferðir þannig að við getum brugðist við og komið okkar farþegum á áfangastaði. Okkar starfsfólk hefur unnið frábæra vinnu og sýnt útsjónarsemi. Okkar markmið er að þjónusta farþega í þessum krefjandi aðstæðum.“

Icelandair hagnaðist um hálfan milljarð króna á öðrum ársfjórðungi og gerir félagið ráð fyrir góðri



Icelandair undirritaði samning um tvær B737 MAX flugvélar ásamt viljayfirlýsingu um fjórar vélar til viðbótar.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK



Við erum með marga áfangastaði og tíðar ferðir þannig að við getum brugðist við og komið okkar farþegum á áfangastaði.



Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair

afkomu á þriðja ársfjórðungi og hagnaði á seinni hluta ársins. Heildartekjur félagsins námu 42,5 milljörðum króna sem er aukning um 32,5 milljarða króna, aðallega vegna aukningar í farþegatekjum. Samningur um tvær B737 MAX flugvélar var undirritaður ásamt viljayfirlýsingu um fjórar vélar til viðbótar sem styður við vöxt félagsins.

„Við höfum ekki skilað hagnaði á öðrum ársfjórðungi í fimm ár. Þetta sýnir bara að eftirspurnin er að taka við sér og öll sú þrotlaus vinna sem starfsfólk hefur unnið er að skila sér.“

Bogi segist vongóður um að félagið muni skila góðri afkomu á þriðja ársfjórðungi.

„Horfurnar eru góðar. Eftirspurnin er mikil og bókunarstaðan



Icelandair hagnaðist um hálfan milljarð króna á öðrum ársfjórðungi og gerir félagið ráð fyrir góðri afkomu á þriðja ársfjórðungi og hagnaði á seinni hluta ársins.

góð. Þó verður að halda því til haga að fjórði fjórðungur er yfirleitt veikari í flugrekstri en við gerum þó ráð fyrir hagnaði á seinni helmingi ársins.“ ■

Skemmtiferðaskip hýsi þrjú þúsund flóttamenn

arnartomas@frettabladid.is

HOLLAND Áform hollenskra yfirvalda um að hýsa flóttafólk í skemmtiferðaskipum hafa vakið deilur þar í landi. Þrjú stór skip hafa þegar verið tekin á leigu og eitt til viðbótar er væntanlegt í hafnarbænum Velsen.

Um þrjú þúsund flóttamenn gætu verið hýstir á skipunum í haust samkvæmt áætlanagerð hollenskra yfirvalda. Aðgerðin er að sögn nauðsynleg vegna plássleysis í flóttamannamiðstöðvum eftir aukinn fjölda flóttafólks frá Úkraínu. Frá því að stríðið braust út hafa um 60 þúsund komið til Hollands.

Fyrirhuguð áform yfirvalda hafa vakið reiði almennra félagsamtaka, ekki sist vegna þess að



flóttafólk frá Úkraínu verður ekki hýst á skipunum, ólíkt flóttafólki frá öðrum löndum. Flóttamanna-deild Sameinuðu þjóðanna sagði

aðgerðina óæskilega þar sem áfallastreita í kjölfar hættulegs flóttakunni að blossa upp á ný í borð um skipi.

Ýmis áhyggjuefni fylgja ráðstöfununum. FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI



Um sextíu þúsund manns hafa komið til Hollands frá Úkraínu síðan að stríðið hófst.

Flairi lönd hafa nýtt skemmtiferðaskip til að svara auknum fjölda flóttafólks á þessu ári, þar á meðal í Eistlandi. Áhyggjur vöknðu í Edinborg um hvort hægt væri að gæta sóttvarnarádstafana fyrir sjö hundruð flóttamenn í skemmtiferðaskipi sem kom til hafnar þar í vikunni. ■

KRÓNAN

ÞAÐ MÁ
LEIKA SÉR
AÐ MATNUM!

Ódýrt og gómsætt
á grillið!

Ódýrt



Krónu lambagrillsneiðar

2189 kr. kg



Krónu hvitlaukssösa 270 ml

349 kr. pk.



Bökunarkartöflur

58 kr. stk.



Rauð paprika

132 kr. stk.



Pylsur 10 stk.

509 kr. pk.

Ódýrt



Krónu pylsubrauð 5 stk.

229 kr. pk.



First Price steiktur laukur

130 kr. pk.

Ódýrt



Hamborgarar og brauð 4 stk.

1089 kr. pk.



Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

Úrbætur, nei takk



Sigmundur Ernir
Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Stjórnsmál hljóta að fjalla um framfarir. Þau geta ekki hverfst um annað en úrbætur. Og það er auðvitað áhugavert að eiga orðastað við stækustu íhaldsöflin um þessi atriði; vilja þau virkilega standa í stað, ekki breyta neinu, er hagsæld almennings best komið fyrir í fortíðinni?

Þetta er höfuðspurning stjórnmalanna – og hún varðar líf alls launafólks, atvinnulíf og rekstur heimilis – og hún skiptir í rauninni öllu máli um þróun samfélags og hvernig íbúum þess reidir af í hvunn dagslífinu.

En hvernig blasir þá þjóðrikið Ísland við í þessu samhengi? Hvert er svar þess við svona áþengum spurningum?

Það er því miður nokkuð augljóst.

Á Íslandi er rekið þjóðfélag, miklu fremur en samfélag.

Þetta er raunaleg staðreynd, en hún er í sannara lagi. Og kemur þar margt til. Eitruð misskipting hefur verið fest í sessi á milli ofsarika minnihlutans sem fengin hefur verið áskrift að helstu auðlind þjóðarinnar – og svo hinna sem mega sætta sig við brauðmolana sem hrynja af gnægtaborðinu ef það er nægilega hríst.

Og þessi eittraða misskipting birtist líka í afstöðu embættismannakerfisins sem mestu ræður til öryrkja og annarra þjóðfélagshópa sem standa höllum fæti í frekjakasti íslenskrar yfirstéttar. Hún liggur öndverð fyrir ungum börnum á biðlistum. Og hún blasir ekki síður við eldra fólki sem löngum hefur verið afgangsstærð í íslensku samfélagi – og má raunar ekki veikjast án þess að henni sé komið fyrir á göngum spítalanna.

Og hvernig er svo tekið á móti unga fólkinu í landinu sem ætlar af vanefnum að koma sér þaki yfir höfuðið? Blasir þar eitthvert réttlæti við? Það er varla. Því er nauðugur sá eini kostur að greiða andvirði íbúðanna sinna svo nemur fjöldi skipta, á gersamlega ófyrirsjáanlegum vöxtum og verðtryggingu sem er álíka stöðugt og veðurfarið hér á norðurhvara.

En það er ekkert gert í þessu. Stjórnmalin á Íslandi virðast snúast um eitthvað allt annað en umbætur. Þau gapa stundum á torgum – og glennikjafturinn getur á stundum verið nægilega orðljótur svo hann rati í fésbókarfærslu, en stefnufestan og framtíðarsýnin er ekki að þvælast fyrir flokkunum sem stjórna þessu landi – og raunar mega stjórnarandstöðuflokkarnir líka taka sneiðina til sín.

Íslensk stjórnsmál fjalla nefnilega ekki um framfarir. Það liggur við að þeim sé meira umhugað um afturför. ■



Á Íslandi er rekið þjóðfélag, miklu fremur en samfélag.

■ Gunnar



■ Mín skoðun

Banamein drauma



Sif
Sigmarsdóttir

Við dekrum við framtíðar sjálf okkur eins og börn. Svo fullyrðir bandaríski félagsálfræðingurinn Daniel Gilbert. Í hvert sinn sem við sækjumst eftir einhverju – stöðuhækkun, hjónabandi, nýjum bíl, ostborgara – væntum við þess að sú manneskja sem ber fingrafar okkar eftir sekúndu, mínútu, dag eða áratug verði okkur þakklát fyrir þær förnir sem við færðum. En viðbrögð þessara framtíðar gerða af sjálfum okkur eru oft önnur en við ætl-uðum. „Við þrælum okkur út til að veita þeim allt það sem við teljum þau þrá en svo segja þau upp vinnunni, safna hári, flytja til eða frá San Francisco og spyrja hvernig við gátum verið svona vitlaus að halda að þetta væri það sem þau vildu.“

EKKI er ólíklegt að þetta sé einmitt viðhorf þeirra fjölmörgu, sem stödd eru í langþráðu sumarfrii, til fortíðar sjálfrá sín. Þótt ferðalög annarra liti á samfélagsmiðlum út eins og myndir í sölubæklingi ferðaskrifstofu er raunveruleikinn oft líkari viti Dantes og níu hringjum þess:

- **1:** Limbó: Forgæður helvítis eru undir-mannaðir flugvellir en þangað eru heiðingi-ar sendir til dvalar að eilífu – sem er einmitt biðtimi eftir tóskum í farangursafgreiðslu nú um stundir.
- **2:** Girnd: Í öðrum hring vitis, sem stundum er kallaður EasyJet, er stanslaust rok. Ókyrrð í lofti er þó lítið bøl samanborið við félagsskapinn, saurlífisseggi á borð við Akkilles, Kleópötru og ókunnuga sætisfélagann sem skýtur olnbogannum yfir sætisbrikina og teygir minni flöskur af víni uns tekur að drafa í honum að konan hans skilji hann ekki.
- **3:** Ofát: Í þriðja hringnum er þeim refsað sem kunna sér ekki hóf. Syndugum er þó vorkunum því að hlaðborð hótela er eini vettvangurinn þar sem endurheimta má hluta kostnaðarins við friið sem maður hafði í raun aldrei efni á. Refsingin samkvæmt Dante er voldugur stormur með hagléli

og mannskít – eða eins og það kallast í ódýrari pakkaferðum til Tene: Matareitrun.

- **4:** Græðgi: Séra Davíð Þór Jónsson rataði í fréttirnar nýverið þegar hann sagði „sérstakan stað í helvíti fyrir fólk sem selur sál sína fyrir völd.“ Flestir vita við hvern hann átti. Færri vita að máltækið er fengið úr Hinum guðdómlega gleðileik eftir Dante. Allir vita að það er sérstakur staður í fata-skápum fólks fyrir varning sem keyptur var í útlöndum dýrara verði en fyrir sálar-tetur en var aldrei notaður eftir heimkomu.
- **5:** Reiði: Í fimmta hring vitis busla hinir heiftúðugu í fúlu fljóti sem kallast Styx. Hver yrði ekki reiður svamlandi í sundlaug fullri af skríl og plástrunum af þeim vitandi að Nonni í næsta húsi er með „infinity pool“ í friinu sínu?
- **6:** Villutrú: Áður en lagt var í hann var friið trúin á ferðamyndir annarra á samfélagsmiðlum; lakkaðar tær í flæðarmáli, hrímað hvítvinsglas á borði, börnin að dunda sér í samstæðum sumarfötum. En veruleikinn er banamein drauma.
- **7:** Ofsi: Hver gengi ekki af trúnni við blæðandi fætur undan nýjum sandöllum, fimf hæða kúluis í blóðkerfi og á bolum barnanna, þriggja stunda biðröð til að komast að því að Móna Lisa er ekki mikið stærri en frímerki og í visítölufjölskyldu þarf alltaf einhver að pissa á tuttugu mínútna fresti?
- **8:** Fals: En þjáningar í áttunda hring vitis verða næstum þess virði er við vinnum bug á sjálfshatrinu eitt andartak með því að láta öðrum líða illa og deilum mynd á Facebook af hrímuðu hvítvinsglasi með boðskapnum: Sjáðu mig, ég er að gera eitthvað fáránlega skemmtilegt á meðan þú ert að gera upp á milli þess að tækla þvottafjalið eða skera þig á púls.
- **9:** Fláræði: Níundi hringur vitis er ísilögð veröld þar sem freðnar sálar sitja fastar til eilífðarnóns. Velkomin heim. ■




MÍA tveggja laga regnjakki
Kr. 22.990.-



VEIGAR þriggja laga buxur
Kr. 27.990.-



Pín útivist - þín ánægja
ICEWEAR MAGASÍN
KRINGLAN · LAUGAVEGUR 91 · SMÁRALIND



HENGILL Ullareinagráðar buxur
Kr. 22.990

Vinir
fá sérkjör
Skráning á icewear.is

vfs.is

SUMMAR ÚTSALA

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR!

LOKADAGAR!


Útsölnni lýkur 31. júlí!

**VERKFÆRA
SALAN**

Sjáðu öll
tilboðin
á vfs.is!

larson®

- áklæðningar



Með samsettu Larson áklæðningunum frá Alucoil færð þú það sem þú ert að leita að - slétta og áferðafallega áklæðningu við hvaða aðstæður sem er.

Larson áklæðningarnar sameina styrk, léttleika og umfram allt eru þær sléttar.

Helstu kostir:

- Eldþolnar
- Léttar og sléttar
- Einstakt veður- og efnapól
- Burðarkerfi sem henta mismunandi verkefnum
- Hávaða- og hitaeinangrun
- Umhverfisvænar (endurvinnanlegt efni)
- Fjöldi lita og efnisáferða
- Allt að 20 ára ábyrgð

Byggðu til framtíðar með lausnum frá IDEX
www.idex.is

IDEX

Víkurhvarfi 6 - 203 Kópavogur - Sími 412 1700 - idx@idex.is

21. - 26. JÚLÍ

RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM

30-50% AFSLÁTTUR

AF SÝNINGARVÖRUM OG
SÍÐUSTU EINTÖKUM AF LAGER

30%

CLEVELAND

Hornsófi, hægri eða vinstri. Dökkgrátt eða ljósgrátt áklæði.
308 x 203 x 81 cm. **139.993 kr.** ~~199.990 kr.~~

Reykjavík 11 – 18 virka daga
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 11 – 18 virka daga
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.



www.husgagnahollin.is

KEFVERSLUN



50%

RICHMOND

Borðstofuborð, olíuborin eik. Ø120 cm.

49.995 kr. -99.990 kr.



40%

GAIN

Borðstofustóll, grátt sléttflauel.

17.394 kr. -28.990 kr.



30%

DC 8900

3ja sæta sófi. Savoy split koníakslitað leður.

224 x 86 x 80 cm. 230.993 kr. -329.990 kr.



Tryggingar fyrir alla fjölskyldumeðlimi

Þú getur tryggt gæludýrin þín hjá Sjóvá.

Kynntu þér málið á sjova.is



SJÓVÁ

Bjarni Snæbjörnsson leikari hefur sýnt sýninguna Góðan daginn, faggi yfir 40 sinnum í Þjóðleikhúsinu og flytur lag Hinsegin daga í ár. Hann segir nauðsynlegt að halda baráttunni áfram og hvetur öll til að taka virkan þátt í réttindabaráttu hinsegin fólks og sýna stuðning í verki.

Bjarni Snæbjörnsson hefur slegið í gegn í sýningunni Góðan daginn, faggi sem sýnd hefur verið yfir fjörutíu sinnum í Þjóðleikhúsinu. Sýningin er sjálfsævi-sögulegur söngleikur sem byggður er á dagbókum og bréfum sem Bjarni skrifaði á unglingsárunum.

„Ég er alinn upp á Tálknafirði og var mikið að skrifa á við pennavini þegar ég var barn og unglingur því það var ekki mikið að gera í þessum litla bæ. Svo hef ég alltaf haft mikla þörf fyrir að tjá mig í gegnum skrif og bréfin og dagbækurnar voru góð leið til að fá útrás fyrir það,“ segir Bjarni, sem eignaðist mikið af pennavinum í gegnum tímaritið Æskuna þar sem krakkar um allt land gátu auglýst eftir slíkum vinum.

„Meðan við vorum í ferlinu að skrifa sýninguna fékk ég fyrir tilviljun sent bréf frá konu sem ég hafði skrifað á við þegar ég var 13 ára. Í því bréfi var afneitun mín svo greinileg og ég í skrifunum að reyna að sannfæra bæði hana og sjálfan mig um að ég væri ekki hommi. Spyrja hana hvort hún ætti kærasta og segja henni að áhugamál mín væru sætar stelpur og svona.“

Dagbækur Bjarna skrifaði hann á hinum ýmsu tímabilum í lífi sínu og segir hann þær hafa sýnt sér hversu stórt sár hann þurfti að græða hjá sjálfum sér. „Sumar síðurnar eru fullar af einhverju sem skiptir engu máli, bara lýsingar á því hvað ég borðaði í morgunmat og hvað ég var að gera en á öðrum stöðum kemur vanlíðanin svo vel í ljós,“ segir Bjarni. „Á einum stað stendur: Eg er hommi og mér finnst það ógeðslegt.“

Skortur á hinsegin fyrirmyndum

„Ég þekkti engan sem var hinsegin og hafði engar slíkar fyrirmyndir í mínum uppveiti. Í öllu sjónvarps-efni, bókum og leikritum voru allir gagnkynhneigðir. Ég horfði á Staupastein, Baywatch, The Cosby Show og fleiri og það eina sem blasti við mér var gagnkynhneigt fólk sem lifði mjög hefðbundnu heterónormatívu lífi,“ segir Bjarni.

„Fyrir utan þetta var allt annað í kringum mig, öll mín fjölskylda og allt samfélagið fyrir vestan gagnkynhneigt og ekki gert ráð fyrir neinum öðrum möguleikum en að ég yrði skotinn í stelpum og myndi síðan eignast konu, eins og það væri eina leiðin til að vera gildur samfélagsþegn,“ segir Bjarni.

„Svo var rækilega ætlast til þess að strákar og karlmenn væru á ákveðinn hátt, með ákveðin áhugamál og hæfileika og alls ekki á nokkurn hátt kvenlegir. Svo hægt og rólega innprentaðist í mig sú hugmynd að ég væri einhvers konar villa, og svo umbreyttist það í djúpt sjálfshatur. Mér fannst ég aldrei tilheyra samfélaginu mínu. Og um þetta fjallar sýningin okkar, uppgjör mitt við þennan hluta af mér,“ bætir hann við.

Öráreiti

Bjarni segist í gegnum tíðina hafa orðið fyrir miklu óráreiti, sama eigi við um fjölmarga hinsegin einstaklinga. Óráreiti er hugtak sem notað er yfir hversdagslegar athafnir, athugasemdir eða umhverfisþætti sem eru niðrandi eða niðurlægjandi fyrir fólk sem tilheyrir jadarsettum hópum og eiga sinn þátt í jadarsetningu þess.

„Óráreiti er oftast ómeðvitað og kannski best að lýsa því sem þúsund höfða skrímsli. Það er enginn einn



Bjarni ólst upp á Tálknafirði og skrifaðist mikið á við pennavini þegar hann var ungur. Sýningin Góðan daginn, faggi er meðal annars byggð á bréfum Bjarna sem hann segir sýna þá afneitun sem hann var í með kynhneigð sína.

FRÉTTABLAÐIÐ/
EYÞÓR

„Óráreiti er oftast ómeðvitað og kannski best að lýsa því sem þúsund höfða skrímsli.“

Við förum ekkert í pásu frá því að vera hinsegin



Birna Dröfn
Jónasdóttir
birnadrofn
@frettabladid.is

„vondi karl“ sem hægt er að benda á og koma fyrir kattarnef. Þetta er bara kerfisbundið og ómeðvitaður verknadur sem við hinsegin fólk verðum fyrir á hverjum degi. Þegar síendurtekið óráreiti safnast saman á heilli mannsævi þá er algerlega búið að hamra það inn í dýpstu kima undirmeðvitundarinnar að það sé eitthvað að manni,“ útskýrir hann.

„Lykillinn til að komast í gegnum þetta er meðvitund alls samfélagsins um þessi ómeðvituðu gildi sem gera sífellt ráð fyrir að allt fólk sé gagnkynhneigt og siskynja til dæmis.“

Þegar Bjarni var nítján ára sagði hann sínum bestu vinkonum frá því

að hann væri hommi. Þremur árum seinna kom hann út fyrir foreldrum sínum og það hélt hann að myndi breyta öllu.

„Mamma og pabbi tóku þessu vel þó að þetta hafi verið mikið sjokk fyrst og ég hélt að þarna væri einhver vendipunktur, að þarna væri þetta bara komið og að ég þyrfti ekki að burðast með þetta lengur. En það var ekki alveg þannig.“

Eftir að Bjarni hafði rætt við foreldra sína flutti hann til Ástralíu. „Þar ætlaði ég bara að lifa draumahommalífinu, ég þekkti engan og ætlaði bara loksins að vera algjörlega ég sjálfur,“ segir hann.

„Þar áttaði ég mig á því að mér leið enn þá svo illa og ég skildi ekkert af

hverju. Ég var kominn út og allir vissu þetta núna, af hverju gat ég ekki bara verið stoltur og hamingjusamur? Ég skildi þetta ekki. Ég var með þetta stóra sár sem ég varð að vinna í.“

Skrifað í gegnum erfiðleikana

Bjarni skrifaði mikið í dagbækurnar þann tíma sem hann var í Ástralíu og þegar hann kom aftur heim en hann flutti aftur til Íslands fyrr en áætlað var þar sem hann fékk slæmt brjós-klos.

„Tíminn sem á eftir kom, þegar ég var að jafna mig á brjós-klosinu, var mjög erfiður og ég skrifaði mig í gegnum hann með því að halda dagbækur. Svo þegar ég er að fara



Bjarni segir alltof algengt að fólk nýti sér hinseginleikann til að „tikka í einhver box“ og líta vel út, slíkt kallast bleikþvottur.

sýnileika á þeirra eigin forsendum. Það ætti líka að setja kröfu um það að ef það er verið að fjalla um mál-efni hinsegin fólks þá ætti að vera einhver hinsegin í teymi þess verk-efnis,“ bætir Bjarni við.

Hinseginleikinn ekki söluvara

„Hinseginleikinn er ekki söluvara fyrir heteró samfélagið til að tikka í box, það er það sem kallast bleikþvottur,“ bendir Bjarni á. Hugtakið bleikþvottur eða pinkwashing lýsir því hvernig þjóðríki, einstaklingar og fyrirtæki nota sér hinsegin fólk og málefni þess til að skapa sér jákvæða mynd.

„Það er alltof algengt að fólk fjalli um hinseginleikann eða tengi við hann á einhvern hátt til þess að tikka í einhver box, en þetta þarf að vera gert af heilindum,“ segir Bjarni.

„Það er nefnilega ekki nóg að segja eitthvað einu sinni eða kaupa auglýsingu í bæklingi Hinsegin daga eða eitthvað svoleiðis, heldur þarf fólk raunverulega að standa með hinsegin samfélaginu og taka umræðuna hvar sem er, allt árið um kring. Við kaffivélina, í matarboði eða hvar sem fordómar birtast, þó að það skemmi stemninguna,“ segir Bjarni.

„Og ég er ekki að tala um að rífast

eða skapa vandræði, bara mæta með kærleikann og samkennd að vopni ef einhver segir eitthvað fordómafullt. Þannig eru sannir bandamenn okkar,“ segir hann.

„Hjá okkur eru nefnilega hinsegin dagar allt árið um kring, við förum ekkert í pásu frá því að vera hinsegin. Það er mjög sárt að sjá stofnanir, fyrirtæki og fólk nota bleikþvott og standa svo ekki við stóru orðin þegar reynir á. Þetta eru oft erfið samtöl en við þurfum að eiga þau á viðum grundvelli í öllum krókum samfélagsins.“

Bjarni segir eðlilegt að geta ekki sett sig í nákvæm spor annarra,

í gegnum þessar sömu bækur til að búa til sýninguna þá blasir við mér ofboðslega hræddur ungur maður sem fannst hann sjálfur ógeðslegur,“ útskýrir Bjarni.

Upp úr dagbókunum og bréfunum varð til sýningin Góðan daginn, faggi. Þegar Bjarni fór að lesa gömlu bækurnar og bréfin hafði hann samband við vinkonu sína, Grétu Kristínu Ómarsdóttur leikstjóra, og bar undir hana hugmyndina um að gera úr þeim sýningu. „Hún sagði bara strax já!“

Í fyrstu sáu þau fyrir sér sýningu þar sem gleði, skemmtun og æsingur væru við völd en þegar lengra inn í ferlið var komið varð til sýning sem segir frá lífi Bjarna af mikilli einlægni en þrátt fyrir að umfjöllunarefnið sé alvarlegt er sýningin skemmtileg.



Það ætti að vera þannig að gerð sé krafa á að fjölbreytileikinn sé alls staðar.

„Fyrst sáum við bara fyrir okkur að ég færi í drag og myndi breytast í algera tík sem er með uppistand og söngva. En ferlið leiddi okkur í átt að sársaukanum og við gerum að sjálfsögðu mikið grín að öllu líka. Hláturinn er líka svo heilandi,“ segir Bjarni.

„Og viðbrögðin við sýningunni hafa verið framar okkar björtustu vonum. Það er í raun ólýsanlegt hvernig hinsegin fólk hefur speglað sig í verkinu og fundið nýja fleti á sér og sinni sársaukafullu sögu. Það er stærra en allt. Og þetta hefur líka snert við mörgum öðrum jadarhópum og frætt fólk sem býr við þau forréttindi að tilheyra engum jadarhópi.“

Bjarni er lærður söngvari og leikari og hefur leikið í sjónvarpsþáttum, auglýsingum og kvikmyndum ásamt því að starfa mikið í leikhúsi. Til dæmis leikur hann í kvikmyndinni Þrot eftir Heimi Bjarnason, sem nú er í sýningu í kvikmyndahúsum, og svo leikur hann í Jóladaatali RÚV sem verður á skjánum allan desember.

Spurður að því hvort hann hafi upplifað það að honum bæri skylda til að nota það svið sem hann hefði til að vekja athygli á málefnum hinsegin fólks segir hann svo vera og að í raun beri öllum skylda til þess. „Það ætti að vera hagur allra að það sé fjallað um alla hópa samfélagsins sem víðast,“ segir Bjarni.

„Öll ættu að geta séð einhvern sem þau geta tengt við í bíómyndum, sjónvarpsþáttum, bókum, leikhúsi og bara hvar sem er. Og það ætti að vera þannig að gerð sé krafa á að fjölbreytileikinn sé alls staðar. Og þetta ætti bara að vera í lögum landsins og fjárlögum. Að hluti af peningunum sem listir og menning fá ætti að tryggja jadarhópum


Á kynningarverði í júlí:

Ný þvottavél og nýr þurrkari frá Siemens



SIEMENS

Þvottavél, iQ500
WG 44G2ACDN



Ný 9 kg þvottavél með íslensku stjórnborði. Hámarksvinduhraði: 1400 sn./mín. Orkuflokkur A. Tromlan (waveDrum) fer einstaklega vel með þvottinn. i-Dos, blettakerfi, 15 mín. hraðþvottakerfi.

Kynningarverð:

129.900 kr.

Fullt verð: 169.900 kr.

Við leggjum áherslu á hágæða vörur og fyrsta flokks þjónustu á góðu verði.

5 ÁRA *****
ÁBYRGÐ

Gildir til og með 31. júlí 2022 eða á meðan birgðir endast.



SIEMENS

Þurrkari, iQ500
WQ 45G2ACDN



Nýr 9 kg þurrkari með íslensku stjórnborði. Sjálfhreinsandi rakapéttr. smartFinish: Dregur úr krumpum á skyrtum. Sérkerfi: Skyrtur, handklæði, útifatnaður, 40 mín. hraðkerfi og fleira.

Kynningarverð:

129.900 kr.

Fullt verð: 169.900 kr.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

mikilvægast sé að hlusta. „Við getum ekki skilið allt sem annað fólk upplifir. Það sem við þurfum að gera er að hlusta á okkur, fólkið sem er að lifa okkar hinsegin lífi. Við vitum alveg hvað þarf að gera til að gera samfélagið að betri stað fyrir okkur öll.“

Höldum baráttunni áfram

Undanfarið hefur verið uppi umræða um bakslag í réttindabaráttu hinsegin fólks víða um heim, til að mynda hafa hinsegin ungmenni hér á landi bent á fordóma og áreiti sem þau hafa orðið fyrir á samfélagsmiðlum. Þá hefur það færst í aukana að ungir karlmenn geti að hinsegin fólki á götum úti og í síðasta mánuði létust tvær manneskjur og fjöldi fólks slasaðist þegar maður vopnaður byssu skaut á fólk á skemmtistaðnum London Pub í Osló, en staðurinn er vinsæll meðal hinsegin fólks.

Bjarni segir að þrátt fyrir að hér á landi hafi margt áunnist þegar kemur að réttindum hinsegin fólks sé nauðsynlegt að halda baráttunni áfram. „Gleðin og ástin eru okkar baráttutæki og við verðum að halda áfram. Í samfélaginu okkar er, alveg eins og annars staðar, mikið um fordóma og forréttindablindu,“ segir Bjarni.

Hann segir að í kommentakerfum og á samfélagsmiðlum sé þetta mjög greinilegt. Bakslagið sjáist vel til dæmis í Bretlandi þar sem fordómafull umræða um trans fólk sé orðin að pólitísku vopni stjórnmalafólks.

„Svo er til dæmis Sigmundur Davíð sem nýtir sér þessa fordóma til þess að ná inn atkvæðum með stóruandlegum skoðunum sínum á trans málefnum. Þetta getur ekki viðgengist. Það getur verið mjög hættulegt að gera ekki neitt, sitja hjá og láta sig málin ekki varða og föðra fordómama,“ segir Bjarni.

„Skeytingarleysið er ekki síður hættulegt. Við verðum öll að standa saman sem samfélag og uppræta mismunun og hatursorðræðu því að dæmin sýna að ljót orð geta fljótt orðið að hnefahöggum eða byssuskotum. Það er raunveruleikinn okkar.“

Hinseginleikinn ógn við völd

„Hinseginleikinn er fyrir marga ógn við valdakerfið af því að við erum birtingarmynd möguleika, frelsis og þess að skapa sér eigið líf og lifa óafsakandi utan kerfisins sem kennir okkur frá fæðingu hvernig við eigum að vera til,“ segir Bjarni.

„Sú hugmynd að við getum öll verið frjálsari, líka síð heteró fólk, ruggar bátum fyrir kynjahlutverk og þau kerfi sem við höfum öll sósast í frá blautu barnsbeini, þetta ógnar til dæmis völdum hvíttra karla. Þess vegna eru þeir byrjaðir að gelta á okkur,“ segir Bjarni.

„Það er óhugnanleg afturför og grafalvarlegt. Hvers kyns afmennskun hinsegin fólks er skref í áttina að því að réttlæta ofbeldi gagnvart okkur. Í ljósi alls þessa spyr ég bara: Hverjir eru hundarnir: þau sem gelt er á, eða þeir sem gelta? Þess vegna er enn þá mikilvægara að gefast ekki upp og vera sýnileg. Enginn ætti nokkurn tímann að þurfa að berjast fyrir tilverurétti sínum. Við fæðumst öll með sjálfsagðan tilverurétt. Mannréttindi, frelsi og kærleikur eru ekki tæmandi auðlindir. Það er nóg til fyrir okkur öll,“ bætir Bjarni við.

Dagana 2. til 7. ágúst fara fram Hinsegin dagar í Reykjavík. Bjarni flytur lag hátíðarinnar sem er eftir Axel Inga Árnason og er endurhljóðblöndun af laginu Næs úr Góðan daginn, faggi. Bjarni segist afar spenntur fyrir hátíðinni.

„Eins og ég sagði áðan þá eru allir dagar hjá okkur hinsegin dagar. En á þessari dásamlegu hátíð okkar erum við sérstaklega sýnileg og fögnum með gleðina að vopni,“ segir hann og vonar að sem flest taki þátt í hátíðinni og sýni stuðning.



Bjarni flytur lag Hinsegin daga í ár. Texti lagsins er eftir hann sjálfan og Grétu Kristínu Ómarsdóttur og segir Bjarni textann draumsýn sem hann voni að rætist sem fyrst.

FRÉTTABLAÐIÐ/
EYDÓR



Hinseginleikinn er fyrir marga ógn við valdakerfið af því að við erum birtingarmynd möguleika, frelsis og þess að skapa sér eigið líf og lifa óafsakandi utan kerfisins sem kennir okkur frá fæðingu hvernig við eigum að vera til.

„Það ættu bara öll að mæta í gleðigönguna til dæmis. Gera sér gláðan dag, fagna fjölbreytileikanum og sýna stuðning sinn í verki. Koma með börnin sín, vini og fjölskyldu og sýna þeim og sjá sjálf að það eru til fyrirmyndir fyrir öll,“ segir Bjarni en gangan fer fram laugardaginn 6. ágúst og leggur af stað frá Hallgrímskirkju klukkan 14.

Lagið Næs verður frumflutt í dag á Bylgjunni og segir Bjarni að um sannkallaða diskógleði með djúpum skilabodum sé að ræða. „Þetta er baráttusöngur þar sem við gerum okkur grein fyrir sársaukanum og skömminni sem okkur hefur verið innrætt gegnum hið samfélagslega „norm“ og biðlar til alls fólks um að leyfa öllum að tilheyra, sem er grundvallarþörf mannsins,“ segir hann.

Texti lagsins, sem er eftir Bjarna og Grétu Kristínu, er að sögn Bjarna draumsýn sem hann vonar að rætist sem fyrst. „Það væri rosa næs, ef fengi ég að vera sá sem ég er, og ekkert þyrft að fela,“ segir til að mynda

í laginu. „Þetta þyrfti ekki að vera svona flókið, snýst bara um að setja sig í spor annarra og hlusta á það sem fólk hefur að segja,“ segir Bjarni.

Eflandi að snerta við fólki

Þegar Bjarni fór af stað með Góðan daginn, faggi segist hann ekki hafa getað gert sér góðu móttökurnar í hugarlund. „Þetta hefur verið ævintýralegt og það er ótrúlega eflandi tilfinning að finna það þegar maður snertir við fólki,“ segir Bjarni og stoltið leynir sér ekki.

„Markmið sýningarinnar var að bjóða upp á einhvers konar heilun og viðbrögðin hafa verið ótrúleg, bæði frá hinsegin fólki og straight sis fólki. Fólk hefur talað um það að eftir að hafa séð sýninguna skilji það betur það sem hinsegin fólk sé að upplifa og það er frábær tilfinning.“

Í vetur stendur til að ferðast með sýninguna víða um land og heim-sækja bæði leikhús og grunnskóla. Þá hefur sýningunni einnig verið veittur styrkur bæði frá forsætis- og

félagsmálaráðuneytinu til að sýna í framhaldsskólum.

„Þetta er bara alveg frábært og við tökum þessu fagnandi og munum vanda okkur mikið. Eftir hverja skólasýningu verða umræður þar sem börn og ungmenni geta spurt spurninga sem við svörum eftir bestu getu,“ segir Bjarni.

Hann segir afar mikilvægt fyrir ungt fólk að geta rætt alla hluti, hinseginleikann og hvað sem er. „Þess vegna er mikilvægt að veita þeim upplýsingar til dæmis með list en líka á stöðum eins í félagsmiðstöðvum. Samtökin '78 og hinsegin félagsmiðstöðin sem þau reka fyrir ungt fólk ættu að vera á fjárlögum,“ segir Bjarni.

„Eins ætti það að vera í fjárlögum og reglugerðum að fjölbreytileikinn sé sjáanlegur alls staðar. Af því að það allra mikilvægasta sem við gerum núna er að efla fræðslu margfalt á öllum skólastigum, í fyrirtækjum og í stofnunum. Það mun margborga sig í fállegra og betra samfélagi fyrir okkur öll.“ ■



HANDÞVOTTUR OG HANDSPRITT, ÁVALLT NÚMER EITT!

TVÆR TEGUNDIR:
SÍTRÓNA OG LAVENDER
ILMURINN ER EINSTAKUR



Einstakt handspritt með 100% hreinum ilmkjarnaolíum og hafþyrnisolíu
sem hefur magnaða húðbætandi eiginleika.

SÓTTREINSANDI – MÝKJANDI – NÆRANDI

Fæst í stórmörkuðum, betri verslunum og apótekum | Nánari upplýsingar á www.numereitt.is

 **númer eitt**

ÞÍN HEILSA – OKKAR ÁSTRÍÐA



Húsnæði Lyðskólans á Flateyri er við Ránargötu 1. Á hverri önn eru um 30 nemendur í skólanum.

MYND/ADSEND

Óhefðbundið nám í Lyðskólanum á Flateyri



Birna Dröfn
Jónasdóttir
birnadrofn
@frettabladid.is

Í Lyðskólanum á Flateyri gefst nemendum kostur á námi sem ólíkt er hefðbundnu framhaldsskólánámi. Meðan á náminu stendur búa nemendur saman, þrifa saman og elda saman, svo mikil tenging myndast þeirra á milli. Tveir fyrrverandi nemendur skólans eru sammála um að í skólanum hafi þau lært að þeim séu allir vegir færir.

Lyðskólinn á Flateyri var stofnaður sem félag árið 2017 og tók til starfa ári síðar. Bodið er upp á tvær námsbrautir fyrir nemendur hvaðanæva að af landinu. Í daglegu tali eru brautirnar kallaðar útibrautin og innibrautin. Á námsbrautinni Hafíð, fjöllin og þú, upplifa nemendur náttúruna og útivist í ýmsu formi. Læra á brimbretti, ísklifur, siglingar og fjallamennsku, fara í ferðalög og stór hluti námsins fer fram utandyra.

Á námsbrautinni Hugmyndir, heimurinn og þú, er lögð áhersla á að nemendur þroskast og þróist sem skapandi einstaklingar. Kennendur eru námskeið í grafík, kvikmyndagerð, spuna og miðlun og nemendur útvíkka sjóndeildarhringinn og fara út fyrir þægindarammann með hreyfingu, hugsun og sköpun.

Á síðasta ári hlaut Lyðskólinn á Flateyri viðurkenningu sem Lyðskóli frá Menntamálastofnun. Í viðurkenningunni felst staðfesting á því að skólinn uppfylli almenn skilyrði laga og reglna um lyðskóla en í skólanum gefst nemendum kostur á námi sem ólíkt er hefðbundnu framhaldsskólánámi. Markmið námsins er að nemendur þroskast sem einstaklingar en meðan á náminu stendur búa nemendur saman, þrifa saman og elda saman, svo mikil tenging myndast þeirra á milli.

Í september árið 2021 veitti félagsmálaráðuneytið Lyðskólanum 134 milljóna stofnframlag Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar til byggingar nemendagarða á Flateyri. Verður þetta í fyrsta sinn frá árinu 1997 sem íbúðarhúsnæði er byggt í bænum. Um er að ræða fjórtán stúdíóíbúðir í tveimur sam tengdum húsum sem rísa munu við Hafnarstræti og verða hluti af götunmynd og ásýnd staðarins.

Þorpsbúar og nágrennar Flateyrar eru mikilvægur liður í skólastarfinu og hefur þorpið tekið skólanum og nemendum opnum örmum. Nú hafa á annan tug nemenda sest að á Flateyri, fengið sér vinnu, keypt hús og eignast börn.

Opíð er fyrir umsóknir í skólann og geta öll þau sem náð hafa átján ára aldri sótt um skólavist. ■



Nemendur á „útibrautinni“ læra meðal annars á kajak í náminu í Lyðskólanum og lögð er áhersla á að þeir upplifi náttúruna. Á „innibrautinni“ er lögð áhersla á að nemendur þroskast og þróist sem skapandi einstaklingar.

MYND/ADSEND

Örlagaríkt ár í Lyðskólanum

Margeir Haraldsson Arndal, var nemandi á fyrsta ári Lyðskólans á Flateyri. Hann var á námsbrautinni Hugmyndir, heimurinn og þú og var hans ár í skólanum sérlega örlagaríkt.

„Ég ákvað að sækja um af því ég hafði haft mjög mikinn áhuga á kvikmyndagerð í langan tíma og ég fer í skólann með það í huga að verða betri kvikmyndagerðarmaður. Það sem gerist hins vegar er það að áhugi minn á skapandi greinum vikkar og ég næ að bæta við mig mörgum verkfærum í verkfærakistuna,“ segir Margeir.

Hann segir að í skólanum hafi hann lært margt praktískt varðandi hönnun og listsköpun, svo sem markaðssetningu, en að einnig hafi hann lært að finna lausnir á vandamálum með hönnunarhugsun. „Við lærðum líka ljósmyndun og grafíska hönnun og þetta hefur allt gagnast mér mikið,“ segir Margeir, sem nú rekur sína eigin auglýsingastofu og hefur haldið hina ýmsu viðburði tengda listum.

Hann segist mæla með skólanum fyrir hvern sem er. „Þetta er rosalegur stökkpallur, bæði til að sækja sér reynslu og þekkingu en líka til þess að kynnst fólki og mynda tengslanet. Þarna kynntist ég fullt af fólki með mikla reynslu sem ég get leitað til enn þann dag í dag,“ segir Margeir.

Í skólanum myndaði hann þó ekki einungis tengslanet í listageiranum, þar kynntist hann einnig konunni sinni, Steinunni Ásu Sigurðardóttur, sem stundaði nám við Lyðskólann á sama tíma og Margeir. „Þetta var mjög örlagaríkt ár. Þarna kynntist ég besta vini mínum sem ég vinn



enn þá alls konar verkefni með og konunni minni. Núna eigum við barn og erum búin að kaupa okkur hús á Flateyri,“ segir Margeir.

Hann er frá Ísafirði og hafði ekki miklar mætur á Flateyri áður en hann flutti þangað sjálfur. „Af því ég er frá Ísafirði þá fannst mér þessi staður bara vera ruslahaugur í niðurniðslu en Flateyri er besti og framúrstefnulegasti bæir á landinu. Þarna er besta samfélag landsins,“ segir Margeir.

Spurður að því hvað standi upp úr fyrir utan að hafa fundið ástina í skólanum segir Margeir að þar hafi hann lært að hann gæti allt.

„Það áhrifaríkasta sem ég lærði í skólanum er að maður getur gert hvað sem maður vill, maður þarf að bara prófa og leggja sig fram. Manni er kennt þetta í skólanum, að manni séu allir vegir færir og það þurfi ekki allir að fara sömu leið.“ ■

Fann sjálfa sig á Flateyri

Þórey Hekla Ægisdóttir stundaði nám við Lyðskólann á Flateyri skólaárið 2020-2021, hún var tvítug þegar hún var í skólanum og segist hafa fundið sjálfa sig á Flateyri.

„Ég var búin að fara í þrjá menntaskóla og fann bara að það var ekki það rétta fyrir mig,“ segir Þórey. „Einn daginn var ég í hádegismat með þabba á Saffran, en ég var að vinna hjá honum á þessum tíma, og ég sé þar auglýsingu frá Lyðskólanum og sótti bara um á staðnum,“ bætir hún við.

„Þetta er það besta sem ég hef gert,“ segir Þórey. Hún segist hafa lært mikið á náminu sjálfu en að það að þurfa að standa á eigin fótum með nýju fólki hafi einnig kennt henni margt.

„Ég var á útivistarbrautinni og námið er ótrúlega skemmtilegt. Við lærðum á brimbretti og kajak og sváfum í tjaldi í snjó uppi á fjalli í janúar. Af þessu lærði ég ótrúlega mikið og komst inn í útivist sem er núna áhugamál sem ég mun alltaf eiga,“ segir Þórey.

„En þarna eignaðist ég líka lífstíðarvini og skapaði mér tengslanet sem ég mun alltaf búa að. Svo komst ég inn í þetta litla bæjarfélag sem ég mun alltaf elska og dá,“ bætir hún við.

Þórey hefur búið víðs vegar um landið en segir eitthvað sérstakt við Flateyri. „Í svona litlum bæjarfélögum er oft einhvers konar slúðurmenning en þannig er það ekki á Flateyri. Þar eru allir svo hjálpsamir og tilbúnir að gera allt fyrir aðra. Einu sinni



sprakk á bílnum mínum og um leið voru komnir fimm menn að hjálpa mér,“ segir hún.

Þórey ætlaði upphaflega að vera eina önn í skólanum en að henni lokinni gat hún ekki hugsað sér að hætta strax. „Ég fór heim í jólafrí en var komin aftur á Flateyri áður en friið var búið og tók eina önn í viðbót. Og dró besta vin minn með mér.“

Hún segist mæla með námi í skólanum fyrir alla, sérstaklega þau sem vilji prófa eitthvað nýtt. „Það er einhvern veginn þannig í samfélaginu að allir eiga bara að fara í menntaskóla og svo beint í háskóla. Við höfum svo gott af því að ögra þessum samfélagsgildum og prufa eitthvað nýtt,“ segir hún.

„Þarna fann ég sjálfa mig og það mikilvægasta sem ég lærði er að ég get gert allt sem mig langar til og fengið það sem ég vil út úr hverju sem ég vil ef ég geri það rétt,“ segir Þórey. ■

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

LAUGARDAGUR 23. júlí 2022



Tom Cruise er líklega frekar sáttur við launin fyrir Top Gun: Maverick.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Tom Cruise launahæstur í Hollywood

oddurfreyr@frettabladid.is

Variety birti nýlega lista yfir hæstu laun í Hollywood og engin kona er í tíu efstu sætunum.

Tom Cruise er efstur, en áætlað er að hann þeni 100 milljónir dollara fyrir Top Gun: Maverick þegar allt er talið.

Í öðru sæti er Will Smith, sem á að fá 35 milljónir dollara fyrir Emancipation. Leonardo DiCaprio deilir þriðja sæti með Brad Pitt, en DiCaprio fær 30 milljónir fyrir Killers Of The Flower Moon og Pitt fær það sama fyrir kvikmynd um ökuþór í Formúlu 1. Dwayne Johnson fylgir á eftir með 22,5 milljónir fyrir Black Adam.

Næst koma sjö karlkyns leikarar sem fá 20 milljónir dollara fyrir nýjustu kvikmyndir sínar.

Robbie launahæsta leikkonan

Samkvæmt listanum er Margot Robbie launahæsta leikkonan í Hollywood, en hún fær 12,5 milljónir fyrir að leika Barbie. Alls eru 15 leikarar fyrir ofan Robbie á listanum.

Ryan Gosling fær sömu laun og hún fyrir hlutverk sitt í sömu mynd og Steve Carrell fékk jafn mikið fyrir Minions: The Rise of Gru.

Næsta konan er Millie Bobbie Brown, sem fær 10 milljónir fyrir Enola Holmes 2. Emily Blunt er þriðja launahæsta konan með 4 milljónir fyrir Oppenheimer. ■

Í ástarsambandi við náttúruna

Sviðslistakonan Íris Stefanía Skúla-dóttir hefur fengist mikið við náttúruhneigð í verkum sínum. Náttúruhneigð byggir á hugmyndinni um náttúruna sem elskhuga. Hún segir að við verðum að líta á náttúruna sem ástvin en ekki auðlind. 2



Íris skoðar náttúruhneigð út frá því hvernig við sem manneskjur getum leitt unað inn í hversdaginn og notað umhverfið til þess.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

BÄSTA I TEST
Bäst-i-Test 2022



Fæst í Apótekum, Hagkaup, Fríhöfninni og víðar | nánar á evy.is og celsus.is

„Að ganga á heitum moldarstígi. Að leggjast í daggarblautt gras. Að sitja klovvega á sléttum og sterkum trjádrumbi og finna fyrir kraftinum. Að láta sig fljóta á spegilsléttu vatni. Að fara í sturtu með öllum pottaplöntunum og finna fyrir þeim strjúkast við kálfann þinn. Að þrýsta hendinni niður í þurran heitan mosann. Að leyfa lækjarsprænu að leika um líkama þinn. Að finna lyktina af blóðbergi. Að elska jörðina. Að verða ástfangin af náttúrunni og verða eitt með henni. Komdu í æsandi ferðalag með Írisi og leyfðu þér að upplifa jörðina sem elskhuga þinn.“ Þannig hljómar lýsingin á viðburðinum Náttúruhneigð, sem Íris heldur við Esjurætur í dag.

Íris útskýrir að náttúruhneigð eða jarðkynhneigð byggir á hugmyndinni um náttúruna sem elskhuga. Hún hvetur fólk til að horfa á jörðina sem ástvin í stað auðlindar.

„Orðið auðlind getur verið fallegt eins og þegar við sjáum fyrir okkur náttúruauðlind. En orðið inniber líka eitthvað sem við tökum, hvort sem það er til þess að horfa á það eða virkja það. Við ætlum að prófa að snúa dæminu við í göngunni við Esjurætur. Ef við sjáum fólk í kringum okkur alltaf sem auðlind þá sjáum við fyrir okkur hvernig við getum notfært okkur það. Þá myndi ég til dæmis horfa á eiginmann minn og hugsa: Já, ég gæti nú virkjað þetta og þetta element í þessum manni mér í hag. Það er mjög eigingjörn sýn, þetta er viðhorf sem gengur út á að spyrja sig: Hvernig get ég hagnað? Þegar þú átt bara þannig samband við eitthvað eða einhvern þá er það frekar einhliða,“ segir hún.

Viðburðurinn við Esjurætur gengur út á að þátttakendur endurhugsi samband sitt við náttúruna, að hugsa ekki um hvernig þeir geti nýtt sér náttúruna heldur hvernig við sem manneskjur getum gefið til baka til hennar.

„Við ætlum að reyna að hugsa um það hvernig náttúran getur grætt á því að við séum að fara í þessa ferð. Hún getur grætt á þann hátt að einhver mun kannski hægja aðeins á sér, fara að hugsa meira um náttúruna og kannski hugsa sig tvisvar um við einhvers konar gjörðir sem tengjast því að menga eða traðka á. Markmiðið er að eftir þetta sértu í jafnara sambandi við náttúruna,“ segir hún en bætir við að náttúran traðki samt líka á okkur.

„Náttúran sturtar okkur niður með regnum og vindum og náttúruhamförum og við eigum ekki séns í hana. Þetta er stormasamt samband en það verður stormasamara eftir því sem við mengum meira og notfærum okkur nátt-



“Ég held að það sé mjög gott fyrir náttúruna að við hægjum á okkur. Ég held að ef við myndum öll hægja á okkur þá myndi náttúran stórgreða á því.”

úrna og eyðileggjum hana. Þá koma hardari viðbrögð til baka. Ég hef hugsað svolítið eftir þessa pestahrinu. Covid og allt það, hvað margir eru lengi að jafna sig og þurfa að hægja á sér eða draga sig í hlé.

Ég held að það sé mjög gott fyrir náttúruna að við hægjum á okkur. Ég held að ef við myndum öll hægja á okkur þá myndi náttúran stórgreða á því.“

Allt er lífskraftur

Leið Írisar að því að skoða náttúruhneigð á sér smá forsögu.

„Ég var að útskrifast úr meistaranámi í sviðslistum og var að skoða sjálfsfróun kvenna. Við fórum mjög djúpt inn í sjálfsfróun og fullnægingar. Svo með tímanum fór ég að vinna mikið með konum í verkum um sjálfsákvörðunarrett kvenna, um það sem þær vilja gera með eigin líkama. Ég hef líka unnið með sjálfa mig í því samhengi.

Ég hef alltaf komist nær og nær þeirri skoðun að þetta er allt eitt og það sama, það er að segja ég í mínu daglega lífi og ég sem kynvera er sama manneskjan, þetta er ekki aðskilið,“ útskýrir hún.

„Ef við erum í djúpum og nánnum tengslum við dýrið í okkur, innri lífskraftinn, eins og til dæmis í fæðingu, þá ferðu inn í dýrið, þá gefurðu frá þér svipuð hljóð og í fullnægingum. Á þessari stundu ert þú alveg í kjarnanum þínum. Við erum þjálfuð í að vera svo

Viðburðurinn sem Íris stendur fyrir við Esjurætur gengur út á að þátttakendur endurhugsi samband sitt við náttúruna, að hugsa ekki um hvernig þeir geti nýtt sér náttúruna heldur hvernig við sem manneskjur getum gefið til baka til hennar.

“Ég er að æfa mig að tala opin-skátt um þetta og hætta að vera vand-ræðaleg. Kynlíf er grunnurinn að okkur sem tegund.”

náttúruna í kringum þig inn í lífið og hafa það næs.

Ég sá hjá vinkonu minni um daginn að hún var að klippa birki-greinar og nota sem ilm í sturtunni hjá sér. Það er líka hægt að taka þara og þang og fara í þarabað. Ég vil leggja áherslu á alla þessa litlu hluti þar sem við búum til velliðunartilfinningu fyrir okkur og unaðstilfinningu með aðstoð náttúrunnar.“

Íris segist með þessu vilja leggja áherslu á að við hættem að tengja unað eingöngu við kynlíf og eitthvað sem er bara gert bak við luktur dýr og skammarlegt.

„Ég vil að við endurhugsum þetta aðeins. Hver er ég sem manneskja í samfélaginu og ég sem kynvera?”

Það er búið að setja svo mikla skömm á kynlíf og unað. En kynlíf og unaður er ekkert sem er asnalegt eða fyndið eða skrytið að tala um. Ég er að æfa mig að tala opin-skátt um þetta og hætta að vera vand-ræðaleg. Kynlíf er grunnurinn að okkur sem tegund, að við höldum áfram. Það á ekki að vera eitthvað vand-ræðalegt að tala um það. En okkur er kennt það frá blautu barnsbeini,“ segir hún.

Ástarsamband þitt við þig

Kveikjan að viðburðinum sem Íris heldur í dag kom að einhverju leyti þegar hún var ólétt nýlega og var í veikindaleyfi.

„Ég mátti rosalega lítið gera svo ég fór mikið inn á við og fór að skoða það sem kallast orgasmic birth. Orgasmic birth fjallar um öruggar, unaðslegar og jákvæðar fæðingar. Þar er talað um okkur sem dýr og einnig um náttúruna og efnafraði. Um oxytocin og endorfin og hvernig við getum aukið oxytocin-flæði í líkamanum. Það er til dæmis það sem gerist þegar þú færð fullnægingu,“ segir Íris.

„Á fæðingarnámskeiðum er líka talað um oxytocin-flæði en enginn nefnir kynferðislega örvun í fæðingarsamhengi, það þora því fáir. Það er kannski sagt að það sé sniðugt að slökva ljósin og hafa kósi tónlist en flestir fara í kringum kjarnann, að kynferðisleg örvun sé það besta til að auka þetta flæði, hvort sem það er með kossum eða beinni snertingu og nuddi á kynfærin eða geirvörtur til dæmis. Fólk vill ekki tengja þetta saman þó þetta sé náskyli. En ég átti geggjaða fæðingu og fann í kjölfarið að allt sem ég hafði verið að gera á meðgöngunni var svo mikið með mér. Það tengdist því að örva þetta oxytocin-flæði. Mig langaði svo að halda því áfram og geri það með því að innleiða unað í hversdaginn. Það getur verið að setja á sig olíu eftir sturtu eða horfa á sig í speglinum í langan tíma, bara eitthvað svona lítið. En er samt ástarsamband þitt við þig og umheiminn.“

Íris tekur fram að á viðburðinum hennar við Esjurætur í dag sé ekkert skrytið að fara að gerast.

„Við mætum klukkan 12 og þá byrja ég rétt aðeins að kynna hugtakið náttúruhneigð. Svo gerum við ýmislegt til þess að reyna að tengjast betur og opna hugann fyrir því að eiga ástríðu-fyllra samband við náttúruna. Við munum taka smá hugleiðslu og ég verð með hugvekjju, við virkjum skynfærin með lykt og snertingu til að örva allt í okkur. Fólk verður alltaf þínu hrætt þegar það heyrir eitthvað svona eins og hneigð, en þetta er ekkert hættulegt. Þetta er bara mjúk og þægileg ganga um Esjurætur.“ ■

Mögnuð melting, alla daga

SYNERGIZE-YOUR-GUT®. Hágæða blanda af sýrubolnum góðgerlum fyrir öfluga meltingu. Eitt hylki á dag fyrir heilbrigða þarmaflóru.

GOOD
ROUTINE



Nýtt og spennandi vörumerki á Íslandi! Fæst nú í Apótekanum, Lyf & heilsu, Hagkaup og Krónuni.

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Jón Þórisson

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 550 5766 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS
HÉRAÐSSAMBANDIÐ SKARPHÉÐINN
SVEITARFÉLAGIÐ ÁRBORG

UMFÍ

FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ MEÐ FJÖLBREYTTUM ÍPRÓTTAGREINUM
FYRIR 11-18 ÁRA. TÓNLEIKAR OG SKEMMTUN Á KVÖLDIN.

UNGLINGA LANDSMÓT UMFÍ

SELFOSS
29.-31. JÚLÍ

Mundu
að skrá þig
fyrir 25. júlí!

ALLT UM
MÓTIÐ Á
ULM.IS



Nú er áratugur stelpnanna í íslenskri tónlist



Jóhanna María Einarsdóttir
jme
@frettabladid.is

Jóhann Þór Linberg Kristjánsson er ljósmyndari, tónlistar-áhugamaður og vínilsáfnari af lífsins náð og segir tónlistaráhugann hafa byrjað þegar hann, um 4-5 ára aldurinn, komst í kasetturnar hennar mómmu og smjattaði á ABBA af bestu lyst.

Jóhann er fæddur 1975 svo þetta hefur verið um 1980. „Ég man að ég notaði umslögin af spólunum sem kubba til að byggja úr. Fyrsta vínilplatan sem ég eignaðist var platan Dínamít, safnplata frá útgáfufyrirtækinu Spor með tónlistarfólki eins og Wham!, Billy Ocean og Culture Club. Þó að músikin sé góð, hefur það hvernig ég hlusta á tónlist breyst mikið. Ég legg mikið upp úr gæðunum, og þessi plata er bara ekki vel gerð. Hún er fölsk og hljómar hrikalega,“ segir Jóhann og hlær. „En ég á þessa plötu enn þá.“

Tónlistaráhuginn byrjaði því af krafti í „eitís“ hjá Jóhanni. „Fyrsta platan sem ég keypti sjálfur var með Michael Jackson og ég vann mér fyrir henni í unglingsvinnunni. Næsta var Iron Maiden. Þá var ég kominn yfir í þungarokkið og hlustaði mikið á það næstu áratugina.

Fyrir tveimur árum taldi ég plöturnar sem voru þá komnar upp í 1.600 stykki. Ég safna líka geisladiskum og á dágott safn af þeim. Ég hef keypt vínilplötur alla tíð; jafnvel þegar ég átti ekki plötuspilara, þá safnaði ég þeim samt. Það er eitthvað við það að eiga „hard copy“.

Formið skiptir máli

„Fæðingarorlofið mitt 2009 fór í að setja geisladiskasafnið mitt inn í tölvuna. Svoleidis hlustaði ég á tónlist í einhvern tíma. En fyrir um sex árum fékk ég plötuspilara í jólagjöf og byrjaði fyrir alvöru að safna vínilplötum, byggja upp græjurnar og láta mig varða um hljóminn. Þá fór ég að heyra alls konar í tónlistinni sem ég hafði ekki heyrt áður og upp úr því fer ég að fylgjast meira með íslenskri tónlist.

Mér finnst í dag ekkert gaman að eiga tónlist á símanum eða tölvunni eða streyma henni. Ég þarf þessa seremóníu, að velja plötu, taka hana úr umslaginu, þurrka af henni rykið og setja á fóninn. Þetta gefur manni tíma til að hægja á sér og hlusta á heila plötu. Ef mér líður eitthvað illa og langar að bæta skapið þá nota ég hiklaust tónlist. Hún hefur mikil



Jóhann heldur hér á plötu Opeth, sænskri progressive metal/rokk-sveit. Hann fékk tólf ára son sinn til að taka myndina þar sem hann sneri plötunni eins og úkraínska fánanum og birti svo á Instagram til að sýna úkraínsku þjóðinni samhug.

MYND/ADSEND

„Jafnvel þegar ég átti ekki plötuspilara, þá safnaði ég samt vínilplötum.“

andleg áhrif á mig. Stundum koma heimilismeðlimir að mér sitjandi í stofunni með tárin niður á kinnar og spyrja „hvað ertu að gera?“ og ég svara „æj, ég er bara að hlusta á Marillion,“ segir Jóhann og skellir upp úr. „Marillion er eighties prog-rock hljómsveit og uppáhalds-platan mín með þeim er Misplaced Childhood, sem segir sögu frá upphafi til enda. Ég á hana áritaða af höfundinum og safna henni líka. Mest átti ég tíu eintök af henni á vínil en núna á ég átta.

Við eigum líka til allt safnið með Leonard Cohen. Svo blundar þungarokkarinn alltaf í mér og ég hlusta mikið á Black Sabbath, Iron Maiden, Metallica, Ghost, og svo er ég nýbyrjaður að hlusta á Rammstein svona á gamalsaldri. Þá sit ég heima í stofunni við hátalarana og hækka svo mikið í græjunum að maður finnur buxnasálmarnar hristast.“

Vekur athygli á Instagram

Jóhann heldur úti vinsælum Instagram-reikningi þar sem hann deilir ljósmyndunar- og tónlistaráhugamálum sínum með rúmlega fjögur þúsund fylgjendum. „Þegar ég byrjaði að birta myndir af vínilsafninu mínu á samfélagsmiðlum komst ég að því að heimurinn fyrir mín var að opnast og fólk fannst þetta flott. Ég sá svo að tónlistarfólkið var líka á Instagram, merkti það í myndunum og fékk góð viðbrögð frá þeim. Þá ákvað ég bara að gerast svo frakkur að hafa samband við þau og hæla þeim fyrir plöturnar. Þannig náði ég að kynnst þessu fólki og komst að því að þetta er auðvitað bara fólk eins og ég og þú. Stór hluti af fylgjendum

„Þá sit ég heima í stofunni við hátalarana og hækka svo mikið í græjunum að maður finnur buxnasálmarnar hristast.“

Jóhann

mínunum eru Íslendingar. En eftir að brasilískur áhrifavaldur tók viðtal við tónlistarkonuna og vinkonu mína, Unni Söru, heima hjá mér, varð mikil vakning á Instagraminu mínu í Brasilíu.

Það er gaman að segja frá því hvernig ég kynntist Unni Söru. Það byrjaði þannig að ég rakst á mynd af Gainsburg-plötunni hennar á Instagram. Ég hlustaði á plötuna á Spotify, leist vel á hana og setti þá athugasemd á myndina og segi: „Þessa verð ég að eignast.“ Upp úr því mælum við Unnur okkur mót. Svo var ég í nágrenninu einn miðvikudagsmorgun og datt í hug að athuga hvort hún væri heima og hvort ég mætti sækja plötuna til hennar. Hún jánkur því og ég kem þarna heim til hennar og hún var augljóslega nývöknud. Í dag erum við bestu vinir og ræðum mikið allt á milli himins og jarðar. Í kjölfarið hef ég unnið með henni og fékk meðal annars að taka upp útgáfutónleikana hennar á nýju plötunni. Það var ótrúlegt að sjá hana syngja fyrir fullu húsi.

Einnig hef ég fengið tækifæri til

að vinna með tónlistarkonunni og listmálaranum Sjönu Rut. Hún hefur gefið út tvær plötur með 34 lögum, og malar hún málverk við hvert lag. Þetta eru því 34 málverk. Ég hef þá séð um að taka ljósmyndir fyrir hana, fyrir bransann og af verkunum. Hún hefur líka leyft mér að gefa mitt álit á lögnum hennar þó svo ég sé ekki tónlistarmaður sjálfur og því finnst mér ég eiga þínulítið í henni.“

Frjó sena á Íslandi

Jóhann segir íslenska tónlistarsenu vera afar frjó og að hún sé sérstaklega sterk kvennamegin. „Ég segi stundum í gríni að síðustu áratugir hafi verið áratugir stelpnanna í íslenskri tónlist. Þetta eru ekki bara flottar söngkonur og tónlistarkonur, heldur eigum við í þeim ótrúlega flotta höfundu. Þar er Ragga Gröndal einn af mínum uppáhaldstónlistarmönnum. Margir halda upp á hana fyrir lög eins og Ást, sem hún flytur eftir aðra höfunda. En hún er ekki bara frábær flytjandi heldur ótrúlega flottur höfundur. Áhuginn kviknaði þegar þabbi minn, skáldið, sagði mér að heima hjá þeim hjónum væri mikið hlustað á Rögggu. Ég ákvað því að kynna mér málið. Þá kveikti ég almennilega á henni og uppgötvaði höfundinn Rögggu. Ég hef aðeins náð að kynna þeim hjónum og hljóðheimurinn sem þau Gummi hafa byggt upp er magnaður. Eins á ég allt safnið með Eivör og með nýju plötunni sé ég að hún stendur á hnífsegg. Hún er víð það að detta yfir og verða súperstjarna og ég er mjög spenntur að sjá hvað verður.“ ■

ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS

GLÓANDI MEÐ ICEHERBS

húð, hár & neglur

Paratöflur með sæþörungum
OFURFÆÐA HAFSINS
60 HYLKI | FÆÐUBÓTAREFNI

- Viltu heilbriggt hár & sterkari neglur náttúrulega?
- Kröftug & nærandi íslensk parablenda

Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára

job



 rue de net



Við stefnum skýjum ofar, viltu vera með?

Rue de Net er hugbúnaðarhús í upplýsingatækni sem aðstoðar framúrskarandi fyrirtæki við val og innleiðingu á viðskipta- og verslunarlausnum. Rue de Net er á fullri ferð með viðskiptavinum sínum úr skápnum í skýið, með því að bjóða nýjustu tækni, gæðavörur og persónulega þjónustu.

Hastið okkar er nú þegar orðið stúfult af spennandi verkefnum og leitum við því að flottum einstaklingum til að tækla þau með okkur.

Viltu slást í lið með okkur?

Við leitum að:

Forritari viðskiptakerfa
Forritari vefja og samþættinga
Ráðgjafi í viðskiptakerfum
Ráðgjafi í flutningakerfum

Umsóknarfrestur er til 10. ágúst.

Sæktu um á ruedenet.is/atvinna

VILT ÞÚ GANGA TIL LIÐS VIÐ ÖFLUGAN HÓP LÖGFRÆÐINGA PERSÓNUVERNDAR?



Persónuvernd leitar að drifandi og kraftmiklum lögfræðingi sem er tilbúinn að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni í samhentun teymi stofnunarinnar. Fjölbreytni þeirra mála sem eru til meðferðar hjá Persónuvernd er mikil - allt frá rafrænni vöktun á vinnustöðum til álitamála sem tengjast vísindarannsóknum á heilbrigðissviði - og varða þau oft grundvallaratriði í íslensku samfélagi. Mikið er lagt upp úr frumkvæði, ábyrgð og getu starfsmanna til að sinna krefjandi verkefnum í öflugu teymi lögfræðinga stofnunarinnar. Persónuvernd er fjölskylduvænn vinnustaður.

Um 100% starf er að ræða. Óskað er eftir að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Persónuvernd er sjálfstætt stjórnvald sem annast eftirlit með framkvæmd laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, laga nr. 75/2019 um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi og reglna settra samkvæmt þeim.

HELSTU VERKEFNI:

- Hefðbundin afgreiðsla og meðferð mála sem heyra undir Persónuvernd, m.a. vinna að úrskurðum í ágreiningsmálum, ákvörðunum í tengslum við úttektir og frumkvæðismál, umsögnum og álitum
- Verkefni tengd erlendu samstarfi, einkum í tengslum við þátttöku Persónuverndar í Evrópska persónuverndarráðinu (EDPB) og málum er varða vinnslu persónuupplýsinga yfir landamæri
- Önnur lögfræðistörf samkvæmt ákvörðun sviðsstjóra eða forstjóra

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:

- Embættis- eða meistaraþróf í lögfræði
- Þekking á persónuverndarlöggjöfni er kostur
- Reynsla og/eða þekking á sviði stjórnsýsluréttar er kostur
- Mikil áhersla er lögð á gott vald á íslensku og ensku, auk færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Þekking á einu norðurlandamáli er kostur
- Nákvæmni, frumkvæði og ögun í vinnubrögðum
- Góð samskiptahæfni og lípurð í mannlegum samskiptum er skilyrði

FREKARI UPPLÝSINGAR UM STARFIÐ

Umsóknarfrestur er til 9. ágúst 2022. Umsóknir skulu sendar á postur@personuvernd.is. Með umsókn skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðum umsóknar og hvernig viðkomandi uppfyllir hæfniskröfur. Launakjör eru samkvæmt gildandi kjarasamningi ríkisins við viðkomandi stéttarfélag. Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Vigdís Eva Lindal, sviðsstjóri hjá Persónuvernd, í síma 510-9600. Umsóknir munu gilda í sex mánuði frá móttöku þeirra, sbr. reglur nr. 1000/2019 um auglýsingar lausra starfa. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



Við óskum eftir starfsfólki í afgreiðslu og aðstoðarmanni bakara

Framtíðarstarf.

Umsóknir sendist á

bjornsbakari@bjornsbakari.is

Merkt ATVINNA



Héraðsdýralæknar hjá Matvælastofnun

Fullt starf Héraðsdýralæknir

Héraðsdýralæknar skipuleggja eftirlit með frumframleiðslu matvæla, slátrun og vinnslu dýraafurða, eftirlit með heilbrigði og velferð dýra og matvælaeftirlit. Einnig framkvæmd sóttvarna og varnir gegn smitsjúkdómum dýra og umsjón bakvaktapjónustu í umdæminu.

Starfstöðvar eru Norðvesturumdæmi annars vegar og hins vegar í Suðvesturumdæmi.

Nánari upplýsingar um störfin og umsókn má finna á starfatorgi. **Umsóknarfrestur er til 8. ágúst**

Sjá nánar á

job

Finnum draumastarfið saman

REKSTRARSTJÓRI

Farfuglar ses / HI Iceland leitar að drifandi og framsýnum rekstrarstjóra til að sinna daglegum rekstri á Dal HI Hostel & Kaffihúsi ásamt Tjaldsvæðinu í Laugardal.

HI Iceland hefur það að leiðarljósi að HI Hostelin verði sjálfgefið val þeirra ferðalanga sem ferðast af ábyrgð í leit að nýjum ævintýrum og kjósa að gista á hagkvæman hátt. Áhersla er lögð á jákvætt og hvetjandi starfsumhverfi og virðingu við fólk og umhverfi og að vera sjálfgefið val þeirra ferðalanga sem ferðast af ábyrgð í leit að nýjum ævintýrum og kjósa að gista á hagkvæman hátt.

Rekstrarstjóri vinnur sjálfstætt og er hluti af knáa stjórnandateymi sem ábyrgt er fyrir daglegum rekstri HI Iceland í Reykjavík og samstarfi hérlendis og um allan heim. Rekstrarstjóri hefur lag á að velja starfsfólk sem tengir við starfsumhverfið og þjálfa teymið til að ná árangri. Mögulega þarf að vinna kvöld- og helgarvinnu en annars er starfið unnið á skrifstofufima.


VIÐHORF SEM VIÐ SÆKJUMST EFTIR:

- Framúrskarandi þjónustulund og metnaður fyrir því að bjóða gestum ánægjulega upplifun sem styður við ábyrgan ferðamáta.
- Afbragðs samskiptahæfni og áhugi á að nýta styrkinn sem felst í teymi með ólíkan menningarbakgrunn.
- Jákvæðni og lausnamiðuð nálgun á verkefni með umbætur að leiðarljósi.
- Einbeiting við forgangsstöðun fjölbreyttra verkefna frá degi til dags.
- Vilji og geta til að bretta upp ermar og aðstoða á öllum vinnustöðvum eins og þarf hverju sinni.

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Skipulag og fagmennska í vinnubrögðum.
- Góð tungumálakunnátta í rituðu og töluðu máli. Íslenska og enska eru þar efst á lista.
- Reynsla af stjórnun og uppbyggingu vinnustaðar, stjórnun verkefna og umbótavinna.
- Þekking á íslensku ferðaþjónustu. Reynsla úr gisti- og veitingarekstri og/eða annarri ferðaþjónustu er álitinn mikill kostur.
- Þekking og reynsla af umhverfismálum.
- Tölvulæsi og vilji til að læra á ný kerfi

Vinsamlega sendið ferilsskrá og kynningarbréf á job@hostel.is fyrir 31. júlí 2022



hagvangur.is

HAGVANGUR





Framkvæmdastjóri



Barnaheill

Barnaheill – Save the Children á Íslandi leita að framkvæmdastjóra fyrir samtökin. Framkvæmdastjóri starfar í umboði stjórnar, ber ábyrgð á rekstri samtakanna og vinnur náið í teymi með leiðtogum innlendra og erlendra verkefna.

Leitað er að kraftmiklum og framsæknum einstaklingi með sterkt tengslanet í starf þar sem reynir á frumkvæði, forystuhæfileika og samskiptahæfni. Viðkomandi þarf að hafa marktæka reynslu og þekkingu á fjármálum, mannauðsmálum, markaðsmálum og fjáröflun.

Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Yfirumsjón með daglegum rekstri samtakanna
- Umsjón með fjáröflun og gerð styrkumsókna
- Gerð fjárhagsáætlana og eftirfylgni með þeim
- Gerð samstarfssamninga
- Yfirumsjón með mannauðsmálum
- Samskipti við stjórn og undirbúningur stjórnarfunda
- Upplýsingagjöf og önnur samskipti við móðursamtök Save the Children
- Samskipti við stjórnvöld, fyrirtæki og stofnanir

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun eða víðtæk reynsla af sambærilegu starfi er skilyrði, framhaldsmenntun er kostur
- Farsæl reynsla af stjórnun og rekstri, fjáröflunarmálum og/eða markaðs- og sölumálum er skilyrði
- Afburða leiðtoga- og samskiptahæfni
- Góð hæfni í íslensku og ensku í ræðu og riti
- Óbilandi áhugi á málefnum barna og velferð þeirra
- Þekking á mannréttindum barna er kostur

Skrifstofa Barnaheilla er fjölskylduvænn vinnustaður, staðsett miðsvæðis í Reykjavík. Starfsmenn Barnaheilla eru nú 13 einstaklingar með fjölbreyttan bakgrunn. Áhersla er lögð á góðan starfsanda.

Nánari upplýsingar um Barnaheill má finna á www.barnaheill.is.

Um er að ræða 100% starfshlutfall. Viðkomandi þarf að vera með hreint sakavottorð og verður að gangast við öllum þeim starfs- og siðareglum sem Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa sett sér og koma fram á vefsíðu samtakanna sem og barnaverndarstefnu samtakanna.

Umsóknarfrestur er til og með **7. ágúst 2022**. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem fram koma rök fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Öll kyn eru hvött til að sækja um starfið. Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað að ráðningu lokinni.

Nánari upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) og Helga Birna Jónsdóttir (helga@intellecta.is) í síma 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf | Ráðningar | Rannsóknir

RÁÐGJÖF RÁÐNINGAR RANNSÓKNIR



Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavinum til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

intellecta

mannelskur gæðastjóri og gæðalegur mannauðsstjóri

Við óskum eftir að ráða öflugan og hæfan aðila í stöðu gæða- og mannauðsstjóra

Meðal helstu verkefna eru:

- Gæðakerfi, eftirlit og skýrslugjöf
- Ábyrgð á öryggi húsnæðis
- Móttaka kvartana og úrvinnsla þeirra
- Vöruinnkallanir og eftirlit með þeim
- Samskipti við birgja, innlenda og erlenda
- Innleiðing á stefnumótun fyrirtækisins í mannauðsmálum
- Framkvæmd mannauðsstefnu, ráðningar og nýliðun
- Ráðgjöf og stuðningur við starfsfólk og stjórnendur
- Umsjón með viðburðum

Umsóknarfrestur er til og með **9. ágúst 2022**

Nánari upplýsingar um starfið veitir

Ólafur Johnson ■ ooj@ojk-isam.is

Umsóknir skal senda á ooj@ojk-isam.is

Nýlega sameinuðust heildsala Ó. Johnson & Kaaber ehf, ÍSAM heildsala og Sælkeradreifing ehf. í eina heildsölu; ÓJK-ÍSAM ehf. og fluttu alla starfsemi sína á Korputorg. Fyrirtækið er framsækin heildsala sem starfar á neytenda-, stóreldhúsa- og sérvörumarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa um 130 manns.

ísam

ÓJK
Ó. Johnson & Kaaber ehf

ÓJK-ÍSAM ehf. ■ Blikastaðavegi 2-8 ■ 112Reykjavík

Framtíðarstarf fyrir meiraprófsbílstjóra

Olís óskar eftir meiraprófsbílstjóra til starfa við dreifingu frá vörulager félagsins að Skútuvoði 5.

Áhersla er lögð á ríka þjónustulund, stundvísi, snyrtimennsku og hæfni í mannlegum samskiptum. Gott vald á íslensku eða ensku nauðsynlegt.

Lífsreynsla, aldur og þroski eru eftirsóttir eiginleikar og við hvetjum jafnt ungt fólk sem eldra til að sækja um.

Helstu verkefni:

- Dreifing á vörum til viðskiptavina Olís
- Tilfallandi verkefni á lager

Hæfniskröfur:

- Meirapróf
- ADR-réttindi æskileg
- Lyftarapróf æskilegt
- Góð tölvufærni

Nánari upplýsingar veitir Davíð Þorvaldsson, david@olis.is

Umsóknarfrestur er til 7. ágúst 2022
Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á mannauðsstjóra Olís rbg@olis.is merkt „Meirapróf“.



JAFNLAUNAVOTTUN
2022 - 2025

Hjá Olís er lögð áhersla á góðan aðbúnað starfsfólks, stuðning til náms og heilsuefningar, heiðarleika í samskiptum, snyrtimennsku og fagleg vinnubrögð.

olis

Við leiðum fólk saman

hagvangur.is



HAGVANGUR

Verkefnastjóri framkvæmda

Starf í Borgarnesi

Leigufélagið Bríet ehf. leitar að verkefnastjóra byggingaframkvæmda með starfsstöð í Borgarnesi. Leitað er að metnaðarfullum og öflugum verkefnastjóra til að taka þátt í uppbyggingu leiguhúsnæðis á landsbyggðinni. Verkefnastjórinn hefur umsjón með og ber ábyrgð á framkvæmdaverkefnum á vegum leigufélagsins og Brákar íbúðafélags hses. og annast meðal annars gerð verk-, kostnaðar- og framkvæmdaáætlana. Starfinu fylgja mikil samskipti við sveitarfélög, HMS og framkvæmdaaðila. Kostur er ef viðkomandi hefur þekkingu á opinberri stjórnáætlun og húsnæðismarkaðnum, þ.m.t. þeim fjármögnunarmöguleikum sem eru á húsnæðismarkaði.

Við leitum að starfsmanni til að annast m.a.

- Eftirfylgni verksamninga m.t.t. framvindu
- Kostnaðareftirlit framkvæmda
- Rýningu og eftirlit með skilalýsingum
- Yfirferð byggingarteikninga og hönnunargagna
- Umsjón með gerð útboðsgagna
- Verkeftirlit og úttektir
- Samningagerð vegna byggingarverkefna
- Samskipti við sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun á sviði verk-, tækni eða byggingafræði
- Krafist er minnst fimm ára starfsreynsla á sviði verkefnastjórnunar framkvæmda, verkeftirlits eða sambærilegra tæknilegra verkefna
- Reynsla af gerð tíma- og kostnaðaráætlana á hönnunar og/eða framkvæmdastigi er kostur
- Reynsla af þátttöku í opinberum framkvæmdum ríkis- eða sveitarfélaga er kostur
- Ríkir samskiptahæfileikar, jákvætt og lausnamiðað viðhorf
- Frumkvæði, fagmennska og sjálfstæð vinnubrögð
- Mjög góð tölvufærni og skipulagshæfileikar
- Góð íslensku- og enskukunnátta og hæfni í tjáningu í ræðu og riti
- Þekking á Norðurlandamáli er kostur



Leigufélagið Bríet

Leigufélagið Bríet ehf. er óhagnaðardrifið leigufélag með það meginmarkmið að stuðla að auknu húsnæðisöryggi á landsbyggðinni. Kjarnastarfsemi Bríetar ehf. er að eiga, reka og leigja út íbúðarhúsnæði til langs tíma. Brák íbúðafélag hses. er húsnæðissjálfséignarstofnun í eigu sveitarfélaga á landsbyggðinni með þann tilgang að stuðla að uppbyggingu leiguíbúða á landsbyggðinni utan höfuðborgarsvæðisins með því að byggja eða kaupa, eiga og hafa umsjón með rekstri og viðhaldi almennra íbúða á landsbyggðinni utan höfuðborgarsvæðisins og veita þjónustu í almannabágu samkvæmt lögum nr. 52/2016 um almennar íbúðir. Leigufélagið Bríet ehf. og Brák íbúðafélag hses. hafa gert með sér þjónustusamning og munu verkefni verkefnastjóra framkvæmda felast í þjónustu við bæði félögin.

Umsóknarfrestur er til og með **15. ágúst nk.** Umsókn skal fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf.

Einstaklingar af öllum kynjum eru hvattir til að sækja um starfið.

Upplýsingar veitir Katrín S. Óladóttir, katrin@hagvangur.is.



Sótt er um starfið á hagvangur.is

hagvangur.is



Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í meira en 50 ár

hagvangur.is



HAGVANGUR

Undir sama þaki

Vilt þú starfa á nútímalegum vinnustað sem leggur áherslu á framúrskarandi þjónustu, miðlun og stafræna þróun?

Fasteignaskrá hefur nú flust til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Við leitum því að öflugum fólki til að efla þjónustu okkar. Hlutverk HMS er að vernda líf og heilsu, eignir og umhverfið.

Við viljum minnka vistspor á málefnasviðum, lágmarka sóun með skilvirkri stjórnsýslu og framúrskarandi þjónustu á stafrænni vegferð okkar. Þar gegnir starfsfólkið lykilhlutverki.

UT-störf:

Taktu þátt í skýjavegferð okkar til framtíðar

Fjölbreytt og krefjandi verkefni eru framundan við þróun og viðhald upplýsingakerfa sem skipta sköpum fyrir samfélagið og verða hluti af nýrri framtíðarsýn stofnunarinnar. Við leitum því að fólki til að ganga til liðs við öflugt þróunarteymi okkar. HMS leggur áherslu á fjölbreytni og hvetur konur í upplýsingatækni því sérstaklega til að sækja um.

APEX/ORACLE FORRITARI

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði eða sambærileg menntun er skilyrði
- Þekking á Oracle (PL/SQL og Apex) er skilyrði
- Þekking á Javascript er kostur
- Reynsla af hugbúnaðargerð er kostur
- Þekking á Agile aðferðafræði er kostur
- Frumkvæði og drifkraftur
- Lipurð í teymisvinnu og samskiptum

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Mótun og þróun núverandi og nýrra lausna HMS
- Þátttaka í þróunarteymi
- Samvinna við aðrar einingar
- Þróun hugbúnaðarlausna í skýinu
- Greina kröfur með tilliti til gagna

FRAMENDAFORRITARI

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði eða sambærileg menntun er skilyrði
- Þekking á React, Javascript, HTML og CSS er skilyrði
- Þekking á Typescript, kortavirkni og OpenLayers er kostur
- Reynsla af hugbúnaðargerð er kostur
- Þekking á Agile aðferðafræði er kostur
- Frumkvæði og drifkraftur
- Lipurð í teymisvinnu og samskiptum

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Mótun og þróun núverandi og nýrra lausna HMS
- Þátttaka í þróunarteymi
- Samvinna við aðrar einingar
- Þróun hugbúnaðarlausna í skýinu
- Greina kröfur með tilliti til gagna

HUGBÚNAÐARSÉRFRÆÐINGUR

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði eða sambærileg menntun er skilyrði
- Þekking á MS SQL er skilyrði
- Þekking á C#, .NET, REST eða sambærilegu er skilyrði
- Reynsla af hugbúnaðargerð er kostur
- Þekking á Agile aðferðafræði er kostur
- Frumkvæði og drifkraftur
- Lipurð í teymisvinnu og samskiptum

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Mótun og þróun núverandi og nýrra lausna HMS
- Þátttaka í þróunarteymi
- Samvinna við aðrar einingar
- Þróun hugbúnaðarlausna í skýinu
- Greina kröfur með tilliti til gagna

Stjórnandi:**Vilt þú leiða þróun aðferða við fasteignamat?**

Við leitum að öflugum einstaklingi til að leiða teymi sem vinnur að gerð fasteignamats. Viðkomandi ber ábyrgð á starfsfólki teymisins, áætlanagerð og verkstýringu.

TEYMISSTJÓRI FASTEIGNAMATS**Hæfnis- og menntunarkröfur**

- Háskólamenntun í verkfræði, tölfræði, stærðfræði eða skyldum greinum, framhaldsmenntun er skilyrði
- Þekking á forritun og SQL gagnagrunnsvinnslu
- Öflug greiningarhæfni og lausnamiðuð hugsun
- Þekking á Python, R, Power BI er kostur
- Reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur
- Reynsla af byggingar- og/eða fasteignamarkaði er kostur
- Skipulagshæfileikar, leiðtogahæfni, metnaður og drifkraftur
- Samskiptahæfileikar og hæfni í stýringu verkefna og teyma

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Leiða viðhald og þróun á matsaðferðum við gerð fasteignamats ásamt gagnaöflun og tölfræðiúrvinnslu
- Greina upplýsingar um fasteignamarkaði á Íslandi
- Halda utan um skilgreiningu á gögnum í fasteignaskrá
- Tryggja að réttum fasteignagögnum sé miðlað í vefþjónustum, vefuppfletti á ytri vef og í afhendingu skráa

Umsóknarfrestur er til 12. ágúst 2022

Um er að ræða full störf og æskilegt er að umsækjendur geti byrjað sem fyrst. Kjör eru samkvæmt gildandi kjarasamningum. Lögð er rík áhersla á fjölbreytni og við hvetjum alla áhugasama einstaklinga til að sækja um, óháð kyni.

Sendið umsóknir í gegnum **Alfred.is** ásamt ferilskrá og kynningarbréfi sem lýsir hæfni umsækjanda og skýrir áhuga á starfinu. Umsóknir geta gilt í hálf tveggja ár frá því að frestur rennur út.

Nánari upplýsingar

Þóra Björk Eysteinsdóttir, mannauðsstjóri,
thora.eysteinsdottir@hms.is

UT-störf:

Kristín Björk Jónsdóttir, framkvæmdastjóri,
kristin.jonsdottir@hms.is

Stjórnandi:

Tryggvi Már Ingvarsson, framkvæmdastjóri,
tryggvi.ingvarsson@hms.is

Einnig í 440 6400 eða á hms.is



VILTU VINNA MEÐ OKKUR?



FYRIRMYNDAR
FYRIRTÆKI 2022



JAFNLAUNAVOTTUN
2018 - 2022

DREIFINGARSTJÓRI

ELKO er að leita að framsæknum og drífandi leiðtoga í starf dreifingarstjóra sem mun bera ábyrgð á upplifun og háþróaðri þjónustustigi við vörudreifingu og afgreiðslu pantana. Í ELKO starfar fjöldi hæfileikaríkra og skemmtilegra einstaklinga sem vinna öll að því markmiði að gera viðskiptavinum okkar ánægða og ná settum markmiðum. Við viljum halda því áfram með því að fá til okkar metnaðarfullan leiðtoga til að halda áfram þessu mikilvæga starfi.

STARFSLÝSING:

- Umsjón með mótun og framkvæmd stefnu fyrir dreifingar
- Umsjón með skilgreiningu og eftirliti á árangursmælikvörðum fyrir dreifingar
- Umsjón með að deildin nái settum markmiðum
- Ábyrgð á tinslu pantana til viðskiptavina og allri vörudreifingu
- Ábyrgð á vörubrúun fyrir dreifileiðir
- Skipulag og samhæfing ferla verslana, vöruhúss og dreifileiða
- Ábyrgð á gæðamálum
- Stjórn og þjálfun starfsfólks

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:

- Menntun sem nýtist í starfi er kostur
- Reynsla af stjórnunarstörfum og mannaforráðum
- Reynsla af verslunarstörfum eða störfum í vöruhúsi er kostur
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð ásamt skilningi á rekstri
- Tölvukunnátta til að leysa dagleg verkefni
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar og þjónustulund
- Frumkvæði og árangursdrifni
- Leiðtogaþæfileikar

Nánari upplýsingar veita:

Björn Másson
mannauðsstjóri ELKO
bjornm@festi.is

Óttar Örn Sigurbergsson
framkvæmdastjóri ELKO
ottar@elko.is

Umsóknarfrestur er til og með **7. ágúst**
og umsóknarferlið fer fram á elko.is/storf



Starfsmaður í framleiðslu



Málning hf. óskar eftir að ráða framleiðslustarfsmann í verksmiðju fyrirtækisins sem fyrst.

Starfssvið felst einkum í samantekt og flutningi hráefna með lyftara og íblöndun hráefna í framleiðslulaganir.

Hæfniskröfur eru stundvísí, reglusemi, dugnaður, jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum. Lyftarapróf er æskilegt en ekki nauðsynlegt.

Umsóknir með ferilskrá og upplýsingum um a.m.k. einn meðmælanda sendist á andri@maling.is fyrir 27. júlí nk.

STÖRF HJÁ GARÐABÆ

Flataskóli

- Starfsmaður á frístundaheimili

Hofstaðaskóli

- Leiðbeinandi á frístundaheimili
- Smíðakennari
- Stuðningsfulltrúi

Leikskólinn Bæjarból

- Leikskólakennari

Leikskólinn Mánahvoll

- Háskólamenntaðir starfsmenn
- Leiðbeinandi
- Leikskólakennari

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar <https://starf.gardabaer.is>



gardabaer.is



Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

vinnvinn

Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

RÁÐNINGAR RÁÐGJÖF



Spennandi tækifæri hjá Símanum



Sérfræðingur í mannauðsmálum

Síminn leitar að einstaklingi sem hefur metnað og ástríðu fyrir mannauðsmálum og vill taka þátt í að móta menningu vinnustaðarins til framtíðar.

Við leitum að jákvæðum og hugmyndaríkum einstaklingi í mannauðsteymi Símans í tímabundið starf til 12 mánaða. Viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga á öllu sem tengist mannauðsmálum og fyrirtækjamenningu. Við leitum að öflugum einstaklingi, sem hefur gaman af því að vinna með fólki, er með ríka þjónustulund og með jákvætt viðhorf gagnvart breytingum og fjölbreyttum áskorunum.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Viðhald gagna í mannauðskerfum
- Aðstoð við ráðningarferli
- Stuðningur við fræðslusérfræðing
- Aðstoð við jafnlaunavottun
- Umsjón með námsstyrkjum
- Stuðningur við stjórnendur og starfsfólk
- Verkefni tengd þróun mannauðs og menningar

Menntun og hæfni

- Menntun í mannauðsstjórnun eða sálfræði æskileg
- Reynsla af ráðningum kostur
- Þekking á Kjarna kostur
- Reynsla af fjölbreyttum mannauðstengdum verkefnum
- Tæknifærni, geta til að greina og nota gögn

Persónulegir eiginleikar

- Frumkvæði, jákvæðni og drifkraftur
- Framúrskarandi samskiptahæfni og þjónustulipurð
- Skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð
- Framsýni og umbótahugsun

Fræðslusérfræðingur

Síminn leitar að einstaklingi sem hefur metnað og ástríðu fyrir fræðslumálum og vill taka þátt í að skapa jákvæða upplifun starfsfólks og vinnustaðarmenningu sem styður við starfsþróun og vöxt. Fræðslusérfræðingur verður hluti af mannauðsteymi Símans og vinnur að fjölbreyttum verkefnum sem snúa að starfsþróun starfsfólks auk annarra mannauðstengdra verkefna.

Helstu verkefni

- Þarfagreining og innleiðing fræðslustefnu
- Skipulagning og utanumhald fræðslu
- Þróun rafrænnar fræðslu
- Hönnun og gerð fræðsluefnis
- Mælingar á árangri fræðslu
- Önnur mannauðstengd verkefni

Menntun og hæfni

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sambærilegu starfi
- Reynsla af gerð og hönnun fræðsluefnis
- Þekking og reynsla af Eloomi fræðslukerfinu kostur

Persónulegir eiginleikar

- Frumkvæði og drifkraftur
- Skapandi hugsun og jákvæðni
- Framúrskarandi samskiptahæfni
- Skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð

Síminn er traust og framsækið fyrirtæki á sviði fjarskipta og afþreyingar sem vill laða til sín framúrskarandi starfsfólk. Við leggjum áherslu á sterka liðsheild, hvetjandi starfsumhverfi og tækifæri til starfsþróunar og vaxtar. Starfsfólk hefur aðgang að framúrskarandi mötuneyti, fyrsta flokks kaffihúsi ásamt frábæru samstarfsfólki.

Sótt er um starfið á siminn.is/storf. Umsóknarfrestur er til og með **2. ágúst 2022**.
Nánari upplýsingar veita sérfræðingar sjálfbærni og menningar hjá Símanum; mannaudur@siminn.is

Í anda jafnréttisstefnu Símans hvetjum við öll kyn til að sækja um.



Leikskólastjóri Ungbarna- leikskóla Seltjarnarness



Fjölskyldusvið Seltjarnarnesbæjar vill ráða öflugan og faglegan leiðtoga í starf leikskólastjóra við Ungbarnaleikskóla Seltjarnarness, sem er sjálfstæð einnar deildar fag- og rekstrareining á vegum Seltjarnarnesbæjar.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið

- Veitir skólanum faglega forystu á sviði kennslu og þróunar á skólastarfi í samræmi við lög og reglugerðir, aðalnámskrá leikskóla og skólastefnu Seltjarnarnesbæjar.
- Stjórnun og ábyrgð á rekstri skólans og daglegri starfsemi.
- Ábyrgð á ráðningum og starfsmannamálum.
- Ábyrgð á samstarfi við aðila skólasamfélagsins.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leyfi til að nota starfsheitið kennari.
- Menntun á sviði stjórnunar- og/eða menntunarfræða.
- Stjórnunarreynsla og þekking/reynsla af leikskólastarfi.
- Leiðtogahæfileikar og færni í mannlegum samskiptum.

Umsókn um starfið skal fylgja leyfisbréf til að nota starfsheitið kennari og gögn sem staðfesta frekari menntun, ítarleg starfsferilskrá ásamt kynningarbréfi.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ.

Öllum umsóknum ásamt fylgiskjölum skal skilað á Ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar undir seltjarnarnes.is – **Störf í boði**. Þar má einnig finna ítarlegri kynningu á starfinu og Ungbarnaleikskóla Seltjarnarness. Umsóknarfrestur er **til og með** 25. júlí 2022.

Upplýsingar um starfið veitir Baldur Pálsson, sviðsstjóri fjölskyldusviðs Seltjarnarnesbæjar, baldur@seltjarnarnes.is



JAFNLAUNAVOTTUN
2010 - 2022



SELTJARNARNESBÆR

seltjarnarnes.is

ÚTBOÐ

Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- **15585 Hverfið mitt austur – Stálstigar í Breiðholti og Gufunesi**, útboð 15585.
- **15614 Ármúli 6 – Múlaborg, viðbótarhúsnæði – stækkun á lóð**, útboð 15614
- **Vetrarþjónusta gönguleiða í Reykjavík 2022-2025, austurhluti – Grafarvogur og Grafarholt - Úlfarsárdalur**, EES útboð 15618
- **Vetrarþjónusta gönguleiða í Reykjavík 2022-2025, austurhluti – Breiðholt**, EES útboð 15617
- **Vetrarþjónusta gönguleiða í Reykjavík 2022-2025, austurhluti – Árbær**, EES útboð 15616

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod



Reykjavíkurborg

Innkaupaskrifstofa

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík

Sími 411 1111

Netfang: utbod@reykjavik.is

job
Finnum draumastarfið saman



Erum við
að leita **að þér?**

Við leiðum
fólk saman

Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is



hagvangur.is

HAGVANGUR



SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957

EIGNAMIÐLUN

Grensásvegi 11 108 Reykjavík | Sími 588-9090 | eignamidlun.is



Lynghagi 26 107 Reykjavík

🏠 Hæð, ris og hluti kjallara ↔ 238,5 fm 🏠 9 herb.



Sverrir Kristinsson
Löggiltur fasteignasali
861 8511

150.000.000

OPIÐ HÚS
24. júlí 15:00-15:30



Valshlíð 8 102 Reykjavík


🏠 Fjölbýlishús ↔ 137,2 fm 🏠 4 herb.



Sverrir Kristinsson
Löggiltur fasteignasali
861 8514

132.500.000

OPIÐ HÚS
25. júlí 17:30-18:15



Efstaleiti 12 103 Reykjavík

🏠 Fjölbýli ↔ 138,6 fm 🏠 4ra herb.



Sverrir Kristinsson
Löggiltur fasteignasali
861 8511

104.000.000



Hulduland 10 108 Reykjavík

🏠 Raðhús ↔ 213,9 fm 🏠 6 herb.



Sverrir Kristinsson
Löggiltur fasteignasali
861 8514

137.500.000

EIGNAMIDLUN



Leiruvegur 8 162 Reykjavík

Fyrirliggjandi er umsögn skipulagssviðs Reykjavíkur

↔ 11.999 fm lóð

95.000.000



Hilmar Þór Hafsteinsson
Löggiltur leigumiðlari, löggiltur fasteignasali
hilmar@eignamidlun.is
824 9098

Grensásvegí 11 108 Reykjavík | Sími 588-9090 | eignamidlun.is

EIGNAMIDLUN

TIL LEIGU



Bæjarlind 6 201 Kópavogur

Verslunarhúsnæði á jarðhæð ↔ 300-400 fm

Verð tilboð



Hilmar Þór Hafsteinsson
Löggiltur leigumiðlari, löggiltur fasteignasali
hilmar@eignamidlun.is
824 9098

Grensásvegí 11 108 Reykjavík | Sími 588-9090 | eignamidlun.is

SÉRHÆFD
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA
MEÐ ÁHERSLU Á 60+

Ráðgjöf varðandi húsnæðisskipti, erfðaskrá, kaupmála eða dánarbúskipti. Lögmaður þér við hlið við sölu fasteignar án þess að greiða aukalega fyrir þá þjónustu.

BÚUM VEL veitir nýja tegund þjónustu. Kynntu þér málið.

Elin Sigrún Jónsdóttir, lögmaður | Tryggvagötu 11, 2. hæð
Sími 783 8600 | elin@buumvel.is | www.buumvel.is

EIGNAMIDLUN



Hólagerði 561 Varmahlíð

Jörð/lögbýli/sumarhús ↔ 62 ha 3 herb.

120.000.000



Lárus Ómarsson
Löggiltur fasteignasali
larus@eignamidlun.is
824 3934

Grensásvegí 11 108 Reykjavík | Sími 588-9090 | eignamidlun.is



LANDMARK FASTEIGNAMIDLUN

Hlíðasmára 2 • 201 Kópavogi • Sími: 512 4900 • www.landmark.is • landmark@landmark.is



BRÚARFLJÓT 5 - 270 MOS.

TIL SÖLU EINKAR VANDAÐ ATVINNUBIL Á FRÁBÆRUM STAÐ

- Stærð 108 fm. Grunnflötur 6m x 18m og 12m x 18m
- Malbikuð og afgirt lóð með öryggishliðum.
- Gönguhurðir og gluggar bæði að framan og aftan
- Stórar innkeyrsluhurðir 4 m x 4,2m
- Afhending við kaupsamning
- Möguleiki að gera milliloft allt að 50 fm.

Verð: 41,9 millj.



ÞÓRARINN
Löggiltur fasteignasali.
s. 770-0309

Þátttakandi
í íslensku
atvinnulífi
í meira en
50 ár

hagvangur.is



HAGVANGUR

BORG
FASTEIGNASALAGlæsilegt einbýlishús
tilbúið til afhendingar

Opíð hús mánudaginn 25. júlí kl. 17:30–18:00

Súluhöfði 32 270 Mosfellsbæ 268 fm

Sérsmíðað Fjögur svefnherb. Verð: 179,9 m

Tilbúið með öllum innréttingum og gólfefnum.



Davíð Ólafsson
Löggiltur fasteignasali

david@fastborg.is

897 1533

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Protis Kollagen gaf húðinni og hárinu gljáa

Þorbjörg Svana Gunnarsdóttir byrjaði að nota Protis® Kollagen fyrir ári og hefur fundið fyrir miklum jákvæðum breytingum á húðinni og hárinu en einnig hafa liðverkir minnkað til muna. Þessar breytingar hafa hjálpað henni við bata eftir slyss sem sendi hana í veikindaleyfi fyrir þremur árum.

Þorbjörg Svana Gunnarsdóttir er lærð hárgreiðslukona, útstillinga-hönnuður og hundabjálfi, en hún hefur verið í veikindaleyfi vegna slyss sem olli henni vægum heilaskaða fyrir þremur árum. Hún er að vinna í bata og segir að kollagenið frá Protis hafi hjálpað henni gríðarlega við að jafna sig á ýmsu sem misfórst eftir slysið.

„Vinkona mín benti mér á að prófa kollagenið og ég byrjaði að taka það inn fyrir ári síðan. Hún talaði ofboðslega vel um þetta og ég hafði séð þetta hjálpa henni mikið og sjálf er ég búin að leita allra ráða til að verða aftur ég eftir slysið, þannig að ég prófaði,“ segir Þorbjörg. „Ég er rosa þakklát fyrir ábendinguna, því ég er búin að prófa ýmislegt sem hefur verið mælt með án teljandi árangurs og margt af því er miklu dýrara, en fæðubótarefnin frá Protis eru æði. Ég er mjög þakklát fyrir að finna svona gæðavöru á góðu verði.“

Áhrifin komu á óvart

„Ég finn rosalegan mun á mér og satt að segja kom það mér á óvart hvað



Kollagenið frá Protis er komið í nýjar umbúðir með nýtt og ferskt útlit.

þetta breytti miklu, því ég hef prófað kollagen frá öðrum framleiðendum sem hjálpaði mér ekki eins mikið,“ segir Þorbjörg. „Eftir slysið fór allt kerfið mitt í klessu en ég finn núna mikinn mun á hárinu, húðinni og er mun betri finn ég af liðverkjum. Ég hef alltaf verið íþróttakona en eftir slysið varð ég mjög veik og liðrínir veiktust svo mikið að ég gat

ekkert gert. En síðasta hálfu árið hef ég getað byrjað að hreyfa mig aftur,“ segir Þorbjörg. „Nú get ég stundað líkamsrækt aftur, ekki mikið að vísu, en ég finn mun, sem er frábært.“

Húðin ekki lengur eins þurr

„Ég hef alltaf glímt við exem og verið með mjög þurra húð svo ég hef þurft að bera á mig krem, body lotion og skrubba hælana, en eftir að ég byrjaði að nota kollagenið þarf ég ekki lengur body lotion og finn mun á hælunum líka, því ég er ekki lengur eins þurr í húðinni,“ segir Þorbjörg. „Núna finnst mér hún hafa miklu meiri gljáa og hreinlega glansa, án þess að vera feit. Húðin er miklu meira lifandi, ferskari og hún bara glóir. Þannig að ég finn hvað þetta hjálpar henni mikið.“

Hárið þykkara og heilbrigðara

„Ég vann sem hárgreiðslukona

fyrir slysið svo ég spái mikið í hári. Ég hef tekið eftir því að það kemur rosa mikill gljáa í hárið og mér finnst það síkka hraðar, það er þykkara og það er falleg hreyfing og miklu meira líf í því,“ segir Þorbjörg. „Það er bara algjör snilld. Allir vilja hafa fallegt háir og konur sækjast sérstaklega eftir því að fá gljáa í hárið og þetta er undraefni fyrir það.“

Ég hef líka séð mikinn mun á hári vinkonu minnar sem benti mér á þetta. Hárið hennar var í vondu ástandi áður en hún byrjaði að nota kollagenið, það var mjög fingert og síkkaði aldrei því það brotnaði svo auðveldlega,“ útskýrir Þorbjörg. „En nú er það orðið fallegt og heilbriggt og ég hef aldrei séð hana með svona sitt háir.“

Það er magnað hvað álag, áföll og streita hefur mikil áhrif á hárið. Eftir slysið tók ég eftir miklum neikvæðum áhrifum á hárið mitt en eftir að ég byrjaði á kollageninu

hefur það lagast mikið. Þetta er bara geggið vara og algjört töframeðal, enda er ég í hálfgerðri áskrift,“ segir Þorbjörg að lokum.

Um Protis® Kollagen

Kollagen er náttúrulegt prótín og eitt helsta byggingarefni líkamans. Gott að vita um Protis® Kollagen:

- Mikið magn virkra efna
- Engin aukaefni
- Sýnilegur árangur á 30 dögum
- Íslenskt hugvit og framleiðsla
- Ekkert gelatín eða sykur

Protis® Kollagen er framleitt úr íslensku fiskroði. Varan er einstök blanda af bestu innihaldsefnum sem öll styðja við styrkingu á húð, hári og nögnum. Kollagen úr fiski er áhrifaríkara en kollagen úr landdýrum þar sem upptaka úr meltingarvegi er betri.

Helstu innihaldsefni:

- SeaCol® er blanda af vatnsrofnu kollageni úr íslensku fiskroði og vatnsrofnu þorsprótíni úr íslenskum þorski. SeaCol® tekur þátt í að styrkja vefi líkamans og viðhalda teygjanleika.
- C-vítamin tekur þátt í myndun kollagens í líkamanum.
- Hyaluronic-sýra er eitt mest rakagefandi efni náttúrunnar og viðheldur meðal annars raka húðarinnar.
- Kóensím Q10 er að finna í nær öllum frumum líkamans. Það er mikilvægt fyrir endurnýjun fruma eins og húðfruma.
- B2- og B3-vítamin, sink, kopar og bíótín fyrir hárvöxt, endurnýjun húðar og vöxt nagla.

Protis® Kollagen fæst í næsta apóteki, heilsuvörðslu og stórverslun. Nánar á protis.is

Leyndarmálið á bak við besta götubita landsins

Silli kokkur var ótvíræður sigurvegari hinnar árlegu Götubitahátíðar sem haldin var í Hljómskálagarðinum. Er það þriðja árið í röð frá því hátíðin hóf göngu sína sem Silli kokkur vinnur keppnina um besta götubitann.

sjofn@frettabladid.is

Bæði dómnefnd og almenn- ingur völdu matarvagn Silla kokks. Dómnefndina skipuðu veitinga- mennirnir Ólafur Örn, Eyþór Mar, Fanney Dóra og Dóri DNA, ásamt fjölmiðlafólkinu Berglindi Festival og Binna Löve. Götubitahátíðin er einn stærsti matarviðburður á Íslandi en gestir streymdu í Hljómskálagarðinn og gæddu sér á kræsingum frá yfir tuttugu matar- vögnum. Silli kokkur mun keppa fyrir hönd Íslands á stærstu götu- bitahátíð heims, European Street Food Awards, sem haldin verður í München í Þýskalandi í október.

Gull fyrir gæsalifrarkæfuna

Sigvaldi Jóhannesson, eða Silli, er lærður matreiðslumaður. Hann hefur komið víða víð, rekið mótuneyti, framleitt villibráð og meðlæti, rekið veislusali, opnað veitingastað og margt fleira.

Samfellt er Silli búinn að reka veisluþjónustu í um 20 ár. Hann er kvæntur Elsu Blöndal Sigfúsdóttur og eiga þau tvö börn. „Börnin okkar eru Grétar Jóhannes, sem er fæddur 2006 og Petrós María, fædd 2008, en þau eru í þessu með



Fjölskyldan er samhent og virkilega stolt af árangrinum.

MYND/ADSEND

okkur ásamt fleiri fjölskyldu- meðlimum og vinum,“ segir Silli. Veidimennskan er ástríða hjá Silla og kemur sér vel fyrir matreiðslu- manninn. „Ég er mikill veiðimaður og fjölskyldan er einnig öll í því sporti með okkur hjónunum. Ég hef mikinn metnað fyrir því að nota bráðina alla og gera eitthvað úr henni, eins og til að mynda gæsalifrarkæfuna sem hefur meðal annars unnið gullverðlaun á matarhandverkshátíðinni á Hvanneyri, Askinum.“

Tilurð matarvagnsins

Matarvagn Silla hefur notið mikilla vinsælda. „Við keyptum fyrsta matarvagninn árið 2020 þegar Covid herjaði á okkur en þá var fátt um veislur svo það var bara

spurning um að fara að gera eitthvað sniðugt. Ég hef framleitt hamborgara úr gæsa- og hreindýrakjöti fyrir jólin og við ákváðum fyrst að henda í grillpakka og selja út úr vinnslueldhúsinu okkar en það vatt fljótt upp á sig. Mig langaði til að fólk fengi borgarana eldaða og samsetta eins en það var upphafið að því að elda borgarana og selja beint út úr eldhúsinu í take-away. Það var ansi fljótt farið að spyrjast út og þess vegna ákváðum við að kaupa vagninn. Þá hófst ævintýrið. Fyrsta árið fórum við töluvert út á land og tókum síðan þátt í Besta götubita Íslands og unnum 2020, 2021 og núna þriðja árið í röð 2022.“

Silli segir að stemningin í kringum matarvagninn sé ávallt góð og fátt sé skemmtilegra en að

„Ég er mikill veiði- maður og fjöl- skyldan er einnig öll í því sporti með okkur hjónunum.“

ferðast um landið. „Það er svaka- lega skemmtilegt bæði að ferðast og að hitta fólk sem er jafnvel að smakka borgarana í fyrsta skiptið. Okkur er vel tekið alls staðar og þótt þetta sé brjáluð vinna þá er hún gefandi og skemmtileg.“

Aðspurður segir Silli aðal leyndarmálið bak við götubita ársins að hafa ástríðu fyrir því sem maður er að gera og prófa nýja hluti, ekki festast í einhverju heldur ávallt að reyna betur og setja saman nýtt. „Vinna allt frá grunni sjálfur er mikilvægast og ég var það heppinn að fá Deig bakarí, sem er að mínu mati eitt besta bakarí landsins, með mér í lið. Þeir bjuggu þessi brauð til fyrir okkur og þegar ég prófaði það með hraefninu frá mér vissi ég að það yrði ekki aftur snúið.“

Silli sviptir hulanni af innihaldi götubitans með ánægju fyrir lesendur Fréttablaðsins. „Gæsa- borgarinn er í brauðinu frá Deig, ég framleidi hamborgarana sjálfur, sem eru 120 gramm buff, og í því er rifinn ostur, eina kryddið er flögusalt frá Saltverki, klettsalat og sultaður rauðlaukur með trönu- berjum og reykt gráðostasósa en

við kaldreykjum gráðostinn sem við notum í sósuna. Uppskriftin að þessu öllu verður í matreiðslu- bókinni minni sem kemur út í september,“ segir Silli brosandí.

Sköpunargleði og ástríða

Helstu áherslurnar hjá Silla eru á villibráð. „Villibráð, þó að við tökum að okkur allar tegundir af veislum þá finnst mér skemmtileg- ast að útbúa eðalmat úr íslenskri villibráð.“ Þegar Silli er spurður út í innblásturinn í matargerðinni er því fljótsvarað. „Ég er svo einstak- lega heppinn að ég næ að sameina tvo hluti sem mér finnst skemmti- legast að gera og það er veiði og eldamennska. Þar sem sköpunar- gleði og ástríða tekur völd, kann ég illa að fara eftir uppskriftum svo yfirleitt er þetta dass og dass. Ég var alinn upp í eldhúsinu hjá föður mínum, Jóa kokki (Grétar Jóhannes Sigvaldason) sem kenndi matreiðslunumum í mörg ár.“

Gaman er að geta þess að matar- vagn Silla kokks verður á ferðinni um verslunarmannahelgina. „Frá því að við keyptum vagninn höfum við verið á Akureyri um verslunarmannahelgina og við ætlum ekkert að breyta út af þeirri venju núna. Næst á dagskrá er að halda áfram með vagninn og síðan er stefnan tekin á München 7.- 9. október en þar munum við taka þátt fyrir Íslands hönd í European street food awards keppninni. Þar munu 15 bestu matarvagnar Evrópu keppa um titilinn Besti götubiti Evrópu.“ ■

Brain Police hefur aldrei farið og mun alltaf vera



Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr
@frettabladid.is

Það verður góður kokteill af þungarokki í boði á Gauknum í kvöld þegar Brain Police stígur á svið, en Ultra Magnus og Ottomon sjá um upphitun. Trommari Brain Police segir að sveitin hafi aldrei farið neitt og sé að undirbúa nýja útgáfu.

Þetta eru fyrstu tónleikar Brain Police síðan sveitin hélt upp á 20 ára afmæli sitt í lok árs 2019, einu ári of seint. Miðar eru bara seldir við hurð, en miðasalan hefst klukkan 20 og tónleikarnir klukkan 21. Miðaverð er 3.666 krónur, en 3.500 krónur ef greitt er með reiðufé.

Mikill áhugi á tónleikum

Jón Björn Ríkarðsson, eða Jónbi, hefur verið trommarinn í Brain Police frá því hljómsveitin var stofnuð árið 1998. Hann segir að ástæðan fyrir því að Brain Police sé að fara að spila aftur í fyrsta sinn í langan tíma sé einföld.

„Mann langar að spila á tónleikum. Það er svo ógeðslega gaman,“ segir hann. „Það er líka greinilega áhugi fyrir Brain Police núna, við höfum fengið mikið af beiðnum um tónleikahald og annað, bæði hér á Íslandi og erlendis. Það er greinilega eitthvað í loftinu, svo það var um að gera að henda í gíg.“

Jónbi segir að faraldurinn hafi komið í veg fyrir að sveitin gæti bruggað eitthvað saman.

„Hann kom alla vega í veg fyrir



Jónbi, trommari Brain Police, segir að á tónleikunum í kvöld geti fólk búist við gömlu góðu slögurinum.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Brain Police verður á Gauknum í kvöld ásamt Ultra Magnus og Ottoman og spilar líka á stórtónleikunum Rokk í Reykjavík í september. Sveitin er einnig að undirbúa útgáfu á nýju efni.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

lifestream
POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTS
**AUKAKÍLÓIN
BURT**



www.celsus.is

frekari plön. Afmælistónleikarnir gengu mjög vel og það var mjög mikill áhugi innan herbúða Brain Police á að spila meira saman, en eins og með allt annað kom Covid og sagði „hingað og ekki lengra“, sérstaklega af því að við búum ekki allir í sama landi,“ segir hann. „Þannig að það gerðist ekkert.“

Brain Police er 24 ára í ár en Jónbi segir að sveitin hafi lítið breyst.

„Það voru ákveðnar breytingar hjá okkur um miðbik tímabilsins, en núna er sveitin eins og hún á að vera og verður alltaf. Ef eitthvað breytist núna verður ekkert Brain Police,“ segir hann. „Einu breytingarnar eru að við erum orðnir gamlir og reyndar karlar og þar af leiðandi helmingi betri. Um leið erum við orðnir þakklátari fyrir rokkið og að vera enn þá til.“

100% Brain Police

„Á tónleikunum getur fólk búist við 100% Brain Police. Þetta verða bara gömlu góðu slagarnir,“ segir Jónbi.

Það eru hljómsveitirnar Ultra Magnus og Ottomon sem sjá um að hita upp.

„Þetta eru bæði þungarokks-

Brain Police hefur aldrei farið. Við höfum kannski lagst undir feld, en við höfum aldrei farið og munum alltaf vera.

Jón Björn Ríkarðsson

bönd. Í Ultra Magnus eru gamlir menn á uppleið, en þó að allir meðlimirnir séu yfir þrítugu er bandið nýtt og mjög skemmtilegt,“ segir Jónbi. „Ottoman hefur svo verið starfandi í töluverðan tíma, en þau gáfu út plötu á síðasta ári og hafa getið sér gott orð. Þetta verður ótrúlega góður kokteill af þungarokki.“

Brain Police er líka að fara að spila á Rokk í Reykjavík stórtónleikunum sem verða 17. septem-

ber næstkomandi í Kaplakrika og Jónbi segir að það sé löngu komin þörf fyrir stóra rokkónleika á höfuðborgarsvæðinu.

„Ég held að þetta sé eitthvað sem hefur þurft hérna,“ segir hann. „Það eru þungarokks- og pönkhátíðir um allt land en lítið að gerast hérna á þessu svæði, svo þetta er eitthvað sem ætti að vera buið að græja fyrir löngu.“

Næsta ár verður gott

Þegar Jónbi er spurður hvort Brain Police sé komin aftur til að vera er svarið einfalt.

„Brain Police hefur aldrei farið. Við höfum kannski lagst undir feld, en við höfum aldrei farið og munum alltaf vera,“ segir hann ákveðinn.

Jónbi segir að sveitin sé líka byrjuð að undirbúa nýja útgáfu.

„Ég ætla ekki að taka svo djúpt í árinna að segja að það sé von á nýju efni, en undirbúningurinn er hafinn. Við erum að æfa fyrir tónleikana núna en þegar það eru ekki tónleikar á næstunni erum við að búa til nýtt rokk,“ segir hann. „Það gengur hægar en „í denn“, en gengur þó. Ég held að næsta ár verði gott hjá okkur.“ ■

Bílar & Farartæki

Bílar til sölu



FORD MUSTANG PONY '06

Til sölu Ford Mustang Pony. 6 cyl. sjálfsk. Hlaðinn aukabúnaði. Vel með farinn. Er víðförlur og einn eigandi. Uppl. á e-mail oró@university.is eða í s. 5525000

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN?

Kaupum bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Ábendingahappinn má finna á www.barnaheill.is



Bátar

MERCURY
Útanborðsmótorar
2,5 - 600 hp.



Verkstæði Vélasalunar hefur á að skipa sérhæfum starfsmönnum til viðgerða og viðhalds á Mercruiser bátavélum og Mercury utanborðsmótorum

Eigum til Mercury mótorar á lager
2,5hp - 4hp - 6hp - 9,9hp - 15hp - 20hp og 60hp

Getum útvegað með stuttum fyrirvara 115 hp og 150 hp seapro.

Einnig úrval rafmótorar.



R. SIGMUNDSSON
VÉLASALAN
www.velasalan.is
s. 520 0000, Dugguvogi 1
104 Reykjavík

Þjónusta

Garðyrkja



MAH ehf.

ALMENN GARÐVINNA OG VIÐHALD

Mah ehf tekur að sér alla almenna garðvinnu og viðhald. Tökum einnig að okkur háþrýstþvott, helluþrif og Pallþrif Gerum tilboð ykkur að kostnaðarlausu. Sanngjörn verð, góð samskipti og vönduð vinnubrögð. Hafið samband í 539-5098 eða á mah@mah.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðaflutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Spádómar

Spákona. Miðla með aðstoð kaffibolla. Miðla til þín því sem þú þarft að heyra. S. 866 6597 Ásdís Spámiðill. Get komið í heimahús. Get einnig tekið hóp.

Húsviðhald

Getum bætt við okkur utan og innanhúss málningarvinnu. runarmurari.is S. 7743800

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 867 4254

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskripti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

GEFÐU HÆNU

gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar



Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafið samband og við metum ástandið.

Smíðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

job

Finnum draumastarfið saman



Erum við að leita að þér?

Heitir og kaldir gæðapottar sem hitta í mark hjá öllum í fjölskyldunni

ásamt miklu úrvali af fylgi- og aukahlutum fyrir pottinn og pottaferðina!

ÍSLENSKT
LÁTTU ÞAÐ GANGA



Hitamælir gul önd
2.500 kr.

Hitamælir m/bandi (stór appelsínugulur)
3.000 kr.

Hitamælir golfkúla
1.900 kr.

UNO vatnsheld spil
3.490 kr.



Vatnsheld spil
2.950 kr.



Algjör slökun!

Fljótandi „hengirúm“. Margir litir
3.900 kr.

Pottarnir okkar eru fánlegir í nokkrum litum.



Geirslaug
279.000 kr.



Snorrslaug
299.000 kr.



Gvendarslaug
189.000 kr.



Unnarlaug
310.000 kr.



Sigurlaug (kaldi potturinn)
135.000 kr.



Grettislaug
259.000 kr.

NORMX

Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · normx.is
Opíð mán. - fim. 10-18, fös. 10-17 og lau. 10-14

Keypt
& Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.isKassagítarar
á tilboðiGítarar og
hljómborð
í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

BLISTER-FREE
GUARANTEESokkarnir í Snjóhúsinu
eru sérhannaðir til
að koma í veg fyrir
hælsæri og blöðrur.Skoðaðu úrvalið á
<http://snjohusid.is>Gæða ungnautakjöt beint frá býli.
Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas,
snitsel og steikur. www.myranaut.is
s. 868 7204

BLÖÐIN

Bláðið í dag og safn eldri blaða á frettabladid.is

Heilsa

Heilsuvörur



Húsnæði

Húsnæði óskast

Óska eftir allt að 60 fm 2 herb. íbúð
á höfuborgarsv. Er áreiðanleg og
reglusöm. Uppl: 8666597.

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464Parftu þitt pláss? Við erum með nóg
af því. Allt að 20% afsláttur. www.
geymslur.isGEFÐU
VATNgjofsemgefur.is
907 2003Hjálparstarf
kirkjunnar

Fasteignaleitin

Ný og öflug
fasteignaleitFinndu réttu eignina fyrir þig á frettabladid.is

SKANNADU KÓÐANN

frettabladid.is

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

Gamli glugginn úr,
ný glugginn í
...svo einfalt er þaðNýsmíði á gluggum og hurðum,
ásamt ísetningum og viðhaldi.
Enska úrvalsdeildin í knattspyrnu fer aftur að rúlla um þarnæstu helgi. Venju samkvæmt er maður eins og barn að bíða eftir jölunum. Það er eitthvað svo sérstakt við þennan tíma árs í enska fótboltnum. Allir byrja með hreint blað, svekkelsi (í mínu tilfalli) eftir síðasta tímabil er að baki og maður fyllist barnslegri eftirvæntingu fyrir því næsta. Er þetta okkar ár? Munu nýju leikmennirnir standa sig?

Sumarið getur verið erfitt fyrir okkur forfallna áhugamenn um enska boltann. Laugardagar geta verið tómlegir án hans í sjónvarpinu, þó stórmót eins og EM karla í fyrra og EM kvenna í ár stytti manni stundir, sem og auðvitað deildirnar hér heima. Það er samt



Þessir stuðningsmenn Liverpool eru án efa spenntir fyrir komandi leiktið.

ekki eins. En hvað um það, það eru tæpar tvær vikur til stefnu. Þangað til fylgist ég með æfingaleikjum og fréttum af félagaskiptum, leyfi mér að dreyma. Ég get ekki beðið. ■



Sumarið getur verið erfitt fyrir okkur forfallna áhugamenn um enska boltann

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?



Skannaðu kóðann



Gísli Sveinbergsson sló draumahöggjöð á fyrsta hring Meistararamóts Keilis.

MYND/ADSEND

Gísli er ánægður að vera kominn aftur á völinn

Gísli Sveinbergsson er eitt mesta efni sem við Íslendingar höfum eignast. Árið 2013, þá 15 ára gamall, sigraði Gísli á sterku alþjóðlegu móti, US Kids European Championship í Skotlandi og árið 2017, þá 19 ára að aldri, bætti Gísli vallarmetið á Prince's vellinum á suðausturströnd Englands um eitt högg þegar hann lék völinn á 64 höggum á Opna áhugamannamótinu. Fyrri metið átti enginn annar en hinn írski Paul Dunne, sem er sjálfsagt þekktastur fyrir að hafa leitt Opna mótið fyrir lokahringinn árið 2015, ásamt Australanum Jason Day og Louis Oosthuizen frá Suður-Afríku.

Gísli varð fyrir meiðslum og þurfti að fara í mjög stóra aðgerð sem hélt honum frá golfvölinum um nokkurt skeið. Hann er nú farinn aftur af stað en hann tók m.a. þátt í Meistararamóti Keilis fyrr í mánuðinum.

Þegar Gísli steig upp á fjórða teiginn á fyrsta hring Meistararamótinu var hann á 1 höggi yfir pari eftir tvöfaldan skolla á 2. holu og góðan fugl á þeirri þriðju. Gísli gerði sér lítið fyrir og fór holu í höggi á 4. brautinni.

„Þetta var yndislegt 150 metra högg slegið með 8 járni. Þetta var eitt af þessum höggum sem fór aldrei af stefnu. Boltinn lenti rúma 5 metra frá pinna og rúllaði svo bara fallega í holuna. Þetta var geggjúð tilfinning og það var mikill fögnuður á eftir uppi í golfskála. Það er alltaf gaman að slá draumahöggjöð en þetta var mitt þriðja á ferlinum. Þetta högg á Meistararamótinu var svolítið sérstakt því það er fyrsta draumahöggjöð mitt í keppni. Ég hef farið holu í höggi áður á gömlu 16. brautinni í Keili og gömlu 16. brautinni á Korpunni. Það er alveg frábært að vera kominn aftur á völinn. Mér finnst ég hafa verið að spila fint golf. Það hafa komið nokkrir mjög góðir hringir undanfarið en slæmu hringirnir hafa því miður verið verri en ég hefði gert vonir um. Hugarfar mitt eftir aðgerðina hefur svolítið breyst sem lýsir sér best í því að ég reyni meira að njóta úti á velli en ég kannski gerði. Það var alls ekki vist að ég gæti leikið golf eftir aðgerðina svo ég er fullur þakklætis. Framhaldið á ferlinum er svolítið í óvissu. Ég hef verið að spila erlendis fyrri hluta ársins en mér hefur ekki þótt gengið á mótunum vera nægjanlega gott. Ég myndi vilja bæta mig þar til að hafa metnaðinn til þess að halda áfram í keppnisgolfi.“ ■

Þórdís er algjörlega óstöðvandi

Þórdís Geirsdóttir úr GK sigraði örugglega í kvennaflokki, 50 ára og eldri, á Íslandsmóti eldri kylfinga sem fór fram á Jaðarsvelli Golfklúbbs Akureyrar dagana 14.-16. júlí sl. Þórdís lék hringina þrjá á 228 höggum (76-75-77) eða á 15 höggum yfir pari vallarins.

Ragnheiður Sigurðardóttir varð önnur á 41 höggi yfir pari og María Málfríður Guðnadóttir hafnaði í þriðja sæti, einu höggi á eftir Ragnheiði. Þær Ragnheiður og María koma báðar úr GKG.

Þórdís Geirsdóttir er fædd árið 1965 og varð því gjaldgeng í flokk 50 ára og eldri árið 2015. Hún tók þátt í Íslandsmóti eldri kylfinga sama ár og stóð uppi sem sigurvegari. Hún hefur síðan tekið þátt árlega og merkilegt nokk, sigrað á hverju einasta ári. Með sigrinum á Akureyri varð Þórdís þannig Íslandsmeistari, í flokki 50 ára og eldri, áttunda árið í röð.

Þórdís sagði í spjalli við kylfing.is að mótið á Akureyri hafi verið virkilega vel heppnað. Hún sagðist ekki hafa átt von á því að sigra og sér í lagi ekki með þeim yfirburðum er raunbar vitni. „Ég sigraði naumlega á síðasta ári og árið þar áður svo ég átti nú von á harðari keppni í ár.“ Þórdís segist nánast ekkert æfa skipulega en hún segist spila þeim mun meira. „Ég reyni að spila á hverjum degi og ég spila alltaf 18 holur. Ég held að ég hafi æft nóg fyrir lífstíð.“ segir þessi öflugri reynslubolti og hlær. „Þessi taktur hefur hentað mér vel. Það er svo misjafnt hvað hentar fólki. Ég er ekki að fara í einhverjar sveiflubygtingar eða annað sem þarf að æfa sérstaklega á þessum aldri. Mér líkar þessi taktur.“

Þórdís varð Íslandsmeistari í kvennaflokki árið 1987 og sigraði Landsmótið í golfi, eins og mótið hét í þá daga. Þórdís segir að þó vissulega hafi hún viljað hampa fleiri Íslandsmeistaratitlum, þá hafi samkeppnin verið hörð hjá konunum á þessum tíma. „Ragga Sig, Steinunn Sæmunds og auðvitað Karen Sævars voru firnasterkar. Ég er bara mjög sátta við minn eina Íslandsmeistaratitil og stolt af honum.“

Þórdís hefur fengið tækifæri til að leika fyrir Íslands hönd, bæði í kvennaflokki á sínum tíma og í öldungaflokki. Hún segir svo sem að þau landslið sem hún hafi leikið



Þórdís Geirsdóttir með Íslandsmeistarabikarinn ásamt þeim Ragnheiði Sigurðardóttur og Maríu Málfríði Guðnadóttur.

MYND/GSI



Ég reyni að spila á hverjum degi og ég spila alltaf 18 holur. Ég held að ég hafi æft nóg fyrir lífstíð.

fyrir hafi nú ekki unnið stóra sigra en hún sé þó stolt af því að hafa fengið þann heiður að hafa leikið fyrir hönd Íslands.

„Það er afskaplega gaman og gefandi að leika fyrir hönd lands síns og þjóðar. Félagsskapurinn hefur verið frábær og ferðalögin eru orðin ansi mörg. Ég stefni á Evrópumót öldungaliða í lok ágúst, byrjun september og hlakka mikið til. Ég fór fyrir nokkrum árum í Opna svissneska öldungamótið en það var virkilega gaman. Ég stefni jafnvel á að gera meira af því að fara í svoleiðis mót. Á þökkalegum degi á ég vel að geta komist í gegnum niðurskurðinn á slíkum mótum.“ Hvað markmiðin varðar og það sem henni finnst hún eiga eftir að tékka af listanum segir Þórdís að hana

langi að slá draumahöggjöð á 17. holu í Vestmannaeyjum.

„Að öðru leyti er ég bara í núinu og er hvorki að hugsa um næstu Íslandsmót eldri kylfinga neitt sérstaklega, né önnur verkefni. Ég mun þó mæta til Eyja í ágúst og þar er markmiðið að komast í gegnum niðurskurðinn. Við eigum svo ótrúlega marga góða kylfinga hér heima að ég geri mér fulla grein fyrir því að ég er ekki að fara að verða Íslandsmeistari í ágúst.“

Ástríðukylfingur og hálfgerður golf-fikill á borð við Þórdísi Geirsdóttur, sem leikur 18 holur nær daglega, hlýtur að eiga skilningsríka fjölskyldu eða eru þau líka á kafi í golfinu?

„Já, sko, elsti sonur minn var mikið í golfi en nú í seinni tíð fer meiri tími hjá honum í veiði. Maðurinn minn hefur líka dregið verulega úr sinni ástundun en hann hefur í staðinn verið duglegur að draga pokann fyrir mig. Honum finnst það bara fint og þannig fáum við mikla samveru.“ segir Þórdís Geirsdóttir, handhafi Íslandsmeistararitils kvenna, 50 ára og eldri, frá árinu 2015 til ársins 2022.

Það verður gaman að fylgjast með gömlu kempunni Þórdísi á Íslandsmótinu í Eyjum í ágúst og hver veit

nema hún slái draumahöggjöð á 17. holu?

Í karlaflokki, 50 ára og eldri, var það Jón Karlsson úr GR sem tryggði sér Íslandsmeistaratitilinn. Jón lék á 72 höggum eða á 1 höggi yfir pari vallarins í gær og sigraði með fjögurra höggum mun. Hann lék hringina þrjá á 220 höggum (72-76-72) eða á 7 höggum yfir pari vallarins. Ólafur Hreinn Jóhannesson úr GSE varð annar á 11 höggum yfir pari, rétt eins og Helgi Anton Eiríksson, en með góðum lokahring tryggði Ólafur sér silfurverðlaunin.

Í kvennaflokki, 65 ára og eldri, var það Elísabet Böðvardsdóttir úr GKG sem varð Íslandsmeistari. Hún lék hringina þrjá á 257 höggum (89-84-84) eða á 44 höggum yfir pari vallarins. Önnur varð Ágústa Dúa Jónsdóttir úr NK á 57 höggum yfir pari og Þyri Valdímarsdóttir úr NK hafnaði í þriðja sæti á 67 höggum yfir pari vallarins.

Sigurður Aðalsteinsson úr GSE varð Íslandsmeistari í karlaflokki, 65 ára og eldri. Sigurður lék hringina þrjá á 237 höggum (80-81-76) eða á 24 höggum yfir pari. Hörður varð annar á 25 höggum yfir pari og Sæmundur Pálsson úr GR hafnaði í þriðja sæti á 26 höggum yfir pari vallarins. ■

Ég ætlaði ekki að trúa eigin augum

Líkurnar á að fara holu í höggi á par 3 holu á 18 holu hring eru ekki taldar vera meiri en 1 á móti 12.000. Að fara holu í höggi á par 4 holu á 18 holu hring er enn ólíklegri atburðarás. Talið er að líkurnar á slíku draumahöggi séu um það bil 1 á móti milljón.

Jóhannes Eliasson rakari, meðlimur í Golfklúbbi Ásatúns, hefur sögu að segja.

„Ég og félagi minn, Sigurður Friðgeir Friðriksson, vorum að spila á golfvölinum Glanna í Borgarfirði fyrr í mánuðinum. Veðrið var fint og við vorum komnir á 8. teig. Holan er par 4, 209 metra löng. Brautin er frekar þröng og útsýnið takmarkað en hvort sínum megin við brautina eru trjáhrislur. Ég var með dræver í



Tilfinningin var stórkostleg og ég gleymi henni aldrei.

Jóhannes Eliasson, rakari

höndunum, Ping 410, og Titleist Pro V1 bolta. Ég hitti vel og boltinn flaug þráðbeint, mjög flotta línu í átt að flöt. Sigurður hafði á orði að þessi færi sennilega beint inn á flötina. Ég var rólegur yfir þessu og sagði að það yrði að koma í ljós. Þegar við komum á flötina var boltinn hvergi sjáanlegur. Við leitum aðeins í karganum og við tré sem staðsett eru í hrauninu en hvergi var boltann að sjá. Þá gekk Sigurður að holunni í rælni og hljóðaði upp yfir sig að hann væri ofan í holunni. Ég ætlaði ekki að trúa eigin augum en tilfinningin var stórkostleg og ég gleymi henni aldrei og ég gleymi aldrei þessum magnaða degi í Borgarfirði.“ sagði Jóí rakari, kampakátur, að lokum. ■



Jóhannes Eliasson með boltann góða við 8. holuna á golfvölinum Glanna í Borgarfirði.

MYND/ADSEND

Golffréttir og umfjöllun alla daga



Ólafur Pálsson olafur@vf.is - Páll Ketilsson pkt@vf.is



GARÐAÞJÓNUSTA KÓPAVOGS

Öll almenn lóðarvinna

Við leggjum mikið upp úr
faglegum vinnubrögðum
og sanngjörnu verði

Fáðu frítt tilboð í verkið

ILVA

GO CRAZY

SPARAÐU

25%

AF ÖLLUM VÖRUM*

FIMMTUDAG - ÞRIÐJUDAGS

DAGANA 21. - 26. JÚLÍ

*20% afsláttur af sérpöntunum. Gildir ekki um vörur á áður niðursettu verði.

FAST SENDINGARGJALD MEÐ PÓSTINUM HVERT Á LAND SEM ER!



ARCTIC Eldstæði 129.900,- nú 97.425,-



RAW
CRAFTED
CONCEPT
- EST. 1835 -

25%



25%

Veghilla
109.900,-
Nú 82.425,-
Kommóða
199.900,-
Nú 149.925,-

25% AF BAXTER VÖRULÍNU



20-25% AF BORDSTOFUHÚSGÖGNUM



HEAVEN 3ja sæta sófi. H82 x B105 x L290cm.
314.900,- nú 236.175,-



RIO Sófaborð m/hillu.
74.900,- nú 56.175,-



25% afláttur af öllum púðum.



BORGIO Hornsófi. H66 x B249 x L249cm.
289.900,- nú 217.425,-



BRAY Borðstofustóll.
19.900,- nú 14.925,-



ECLIPSE Borðstofuborð. 200 x 110cm með 2 framlengingum. 299.900,- nú 224.925,-



RIA Tungusófi - 2ja sæta sófi + legubekkur. H79 x B148 x L222cm. 199.900,- nú 149.925,-



NIPAS Skápur.
169.900,- nú 127.425,-



FOCUS Vegghilla.
145.900,- nú 109.425,-



OSVALD Svefnsófi.
239.900,- nú 179.925,-



FOCUS Sófaborð.
109.900,- nú 82.425,-



ESPITA Náttborð.
54.900,- nú 41.175,-



AUBREY Borðlampi.
13.995,- nú 10.496,-



MALY Kommóða með 6 skúffum.
129.900,- nú 97.425,-



PERK Hægindastóll.
79.900,- nú 59.925,-



20-25% AF ÖLLUM SÓFUM



CAMBORD Grjónapúði. 39.900,- nú 29.925,-

Valdís

Pann 23. júlí milli 14:00-16:00 mun ILVA gefa ís frá Valdís í Kaupúni

ILVA Kaupúni, Garðabæ, s: 522 4500
mánudaga - föstudaga 11-18:30, helgar 11-18

ILVA Akureyri Mánudaga - föstudaga 11-18:30,
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18



FACEBOOK.COM/ILVAISLAND



INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND

Magnað en krefjandi tónskáld



Arnar Tómas Valgeirsson
arnartomas@frettabladid.is

Framúrstefnuleg verk tékkneska tónskáldsins Erwin Schulhoff verða tekin fyrir á tvennum tónleikum í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar um helgina.

Um helgina stendur yfir í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar svokölluð Schulhoff-hátíð. Þar fá gestir á tvennum tónleikum að kynna verkum framúrstefnulega tónskáldsins Erwin Schulhoff sem lést fyrir 80 árum. Hlíf Sigurjónsdóttir fiðluleikari, sem stendur fyrir hátíðinni, hafði þó ekki heyrt af tónskáldinu fyrr en í fyrra.

„Þá fékk ég vorkveðju frá vini mínum, Alexander Liebermann, frá Prag,“ segir Hlíf. „Ég spurði hann strax hvað hann væri nú að gera í Prag í miðju Covid og þá kom í ljós að hann hafði farið þangað til að komast á bókasafn til að skoða frumritin af nótum Schulhoff.“

Hlíf kannaðist ekkert við skáldið á þeim tíma og svaraði hreinlega „ha, hver?“

„Þá útskýrði Alexander fyrir mér að Schulhoff væri skáldið sem hann væri að skrifa doktorsritgerðina sína um, og það tónskáld sem fékk hann til að verða tónskáld sjálfur,“ segir Hlíf. „Ég varð fyrir hálfgerðu áfalli því ég hafði aldrei heyrt minnst á þennan mann. Ég fór þá á netið og kynnti mér Schulhoff og komst strax að því hvað hann var æðislegt tónskáld.“

Hlíf lýsir því sem fantaáfalli að komast að því að verið hefði til jafngott tónskáld sem hún þekkti ekki.

„Ég sagði þá við Alexander að við myndum halda Schulhoff-hátíð á Íslandi og þannig varð þetta til,“ segir hún. „Ég er með fiðring í maganum yfir þessari hátíð því þetta er svo makalaus músik.“

Lést í fangabúðum nasista

Alexander verður með leiðsögn á hátíðinni þar sem hann mun segja frá ævi og störfum Schulhoff.

Erwin Schulhoff fæddist 8. júní 1894 í Prag og hóf ungur tónlistarnám. Hann nam pianóleik og tón-



Hlíf Sigurjónsdóttir kynntist Schulhoff í gegnum vorkveðju Alexanders.

FRÉTTABLAÐIÐ/
EYPÓR

Sumardagskráin í safninu er aftur komin á fullt eftir að hafa legið í dvala.



Erwin Schulhoff lést úr berklum í fangabúðum nasista 14. ágúst 1942.

hún. „Þegar við höfum verið að æfa þá skynja ég mjög sterkt þessi átök Evrópu í tónlistinni.“

Tónlist Schulhoff er þannig bæði mögnuð og krefjandi.

„Uppáhaldsefniviður þabba var auðvitað að höggva í stein, sem er auðvitað mjög erfitt því ef þú gerir einhver mistök þá er steinninn ónýtur,“ segir Hlíf, sem er dóttir Sigurjóns Ólafssonar myndhöggvара. „Þessi músík er svolítið eins og steinninn – erfið viðureignar en þegar komið er inn – maður lifandi, hvað þetta er gefandi!“

Tónleikarnir fara fram klukkan 20 í kvöld og á morgun og er miðasala við inngang. Dagskrána í heild má finna á heimasíðu safnsins. ■

”

Ég varð fyrir hálfgerðu áfalli því ég hafði aldrei heyrt minnst á þennan mann.

smíðar í Vín, Leipzig og Köln og undir ekki minni meisturum en Claude Debussy, Max Reger, Fritz Steinbach og Willi Thern.

Við uppgang nasismans átti Schulhoff undir högg að sækja, en hann var af gyðingaættum og þar að auki hliðhollur kommúnistum. Hann var handtekinn af nasistum og færður í fangelsi þar sem hann dó úr berklum 18. ágúst 1942.

„Á þeim tíma sem hann elst upp var Prag auðvitað miðstöð klassískrar tónlistar og mörg helstu tónskáldin frumfluttu verk sín þar,“ útskýrir Hlíf. „Þetta blandast inn í öll

þessi þjóðernisátök þar til að hann deyr í fangabúðum nasista 1942. Eftir að við ákváðum að halda þessa hátíð þá áttaði ég mig á því að í ágúst verða liðin 80 ár frá því að Schulhoff lést.“

Að höggva í stein

Hlíf lýsir Schulhoff sem forvitnu skáldi sem kunnir handverkið út í æsar.

„Hann var mjög leitandi og vildi hafa eitthvað sem færi út fyrir normið. Hann var ekki að leitast við að búa til afþreyingartónlist heldur vildi hann gera eitthvað áreitið, því hann hafði svo mikið að segja,“ segir

Fjölskrúðug dagskrá á Reykholtshátíð

arnartomas@frettabladid.is

Reykholtshátíð hófst í 26. skipti í gær og stendur yfir fram á sunnudag. Í dag fara þar fram tvennir tónleikar klukkan 16 og 20 þar sem flutt verða kammerverk eftir Weber og Dvorak ásamt nýrri verkum í flutningi Miller-Porfiris Duo frá Bandaríkjunum. Á síðari tónleikumun mun Oddur Arnþór flytja íslensk sönglög eftir Jórunni Viðar og Jón Leifs auk kammerverka eftir Mozart og Strauss.

Þá mun Þór Magnússon, fyrrverandi þjóðminjavörður, halda fyrirlestur um merka kirkjugripi í Snorrastofu klukkan 13 í dag.

Reykholtshátíð er jafnframt vísuafmæli Reykholtskirkju og verður því fagnað með hátíðarmessu á sunnudaginn klukkan 14. Lokatónleikarnir fara svo fram klukkan 16 á sunnudaginn þar sem fluttur verður pianókvartett eftir



Hátíðin stendur yfir fram á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Beethoven, flautukvartett eftir Rossini, sellóverk eftir Huga Guðmundsson og gamanvísur eftir Atla Heimi Sveinsson. Nánari upplýsingar um miðasölu og dagskrá má finna á heimasíðu hátíðarinnar. ■

Kveðið upp úr latínabókinni

arnartomas@frettabladid.is

Sumarjazz á Jómfrúnni er fastur liður í sumarlífi miðbæjarins og stendur sem hæst þessa dagana. Áttundu tónleikar sumarsins fara fram í dag þar sem Latínkvartett trommuleikarans Einars Scheving treður upp með suðrænum slögurum.

„Við ætlum að spila einhverja standarda úr latínabókinni svokölluðu,“ segir Einar. „Mikið í áttina að Kúbu og Púertó Ríko.“

Kvartett Einars er skipaður valinkunnu liði, en þar leikur Ari Bragi Kárasón á trompet, Eypór Gunnarsson á píanó og Birgir Steinn Theódórsson á kontrabassa. Eftir hlé bætist söngkonan Sessý Magnúsdóttir svo í hópinn.

„Sessý er frábær söngkona sem hefur unnið með mér og syngur í hljómsveitinni Únó Mas,“ segir Einar. „Hún kemur til með að gera þetta enn skemmtilegra ef þetta var ekki nógu skemmtilegt fyrir hlé.“

Einar er fastgestur á Sumar-



Einar lofar slögurum úr latínabókinni svokölluðu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

jazzinum og er þetta í þriðja skipti í sumar sem hann kemur þar fram.

„Þetta er auðvitað fastur liður sem fólk á ekki að láta fram hjá sér fara,“ segir hann.

Á tónleikunum um næstu helgi

verður svo soul-stemning þar sem Anna Sóley Ásmundsdóttir mun flytja lög sem meðal annars tengjast Nancy Wilson. Sumardagskrána í heild má finna á heimasíðu Jómfrúarinnar. ■

Allar skólatöskur 20% afsláttur



20%
afsláttur

Skólataska 16L
Tilboðsverð 20.799 Kr.
Verð áður 25.999 Kr.



Skólataska 16L
Tilboðsverð 20.799 Kr.
Verð áður 25.999 Kr.



Skólataska 16L
Tilboðsverð 20.799 Kr.
Verð áður 25.999 Kr.



Skólataska 16L
Tilboðsverð 20.799 Kr.
Verð áður 25.999 Kr.



Skólataska 16L
Tilboðsverð 20.799 Kr.
Verð áður 25.999 Kr.



Skólataska 16L
Tilboðsverð 20.799 Kr.
Verð áður 25.999 Kr.



Skólataska 22L
Tilboðsverð 20.799 Kr.
Verð áður 25.999 Kr.



Skólataska 22L
Tilboðsverð 20.799 Kr.
Verð áður 25.999 Kr.



20%
afsláttur

Skólataska 22L
Tilboðsverð 20.799 Kr.
Verð áður 25.999 Kr.



Skólataska 22L
Tilboðsverð 20.799 Kr.
Verð áður 25.999 Kr.



Skólataska 22L
Tilboðsverð 20.799 Kr.
Verð áður 25.999 Kr.



Skólataska 22L
Tilboðsverð 20.799 Kr.
Verð áður 25.999 Kr.

Verðútvæli er mismunandi eftir verslunum. Gæðistærni tilboðsins er til og með 29. júlí eða á meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndbreytingu.

www.penninn.is
s: 540-2000



Frí heimsending*
ef pantað er fyrir 10.000 kr.
eða meira á vefnum okkar
*á ekki við um húsgögn og fyrirtækjapjónustu

PENNINN

Eymundsson

Íslandsdvölinni hjá Jas lauk með vínflöskunum

Jas Swan heillaðist af náttúruvíninum þegar hún starfaði á Dilli fyrir nokkrum árum. Nú býður staðurinn upp á hennar eigið vín sem heitir íslenskum og norrænum nöfnum.

oddurevar@frettabladid.is

„Ég hef flutt frekar mikið og eiginlega bara búið alls staðar,“ segir Jas spurð að því hvernig í ósköpunum svo vilji til að þýsk kona búi til náttúruvín sem heita íslenskum nöfnum. Jas bjó á Íslandi og starfaði á Dilli þar sem hún kynntist náttúruvíninum fyrir alvöru.

„En þar áður hafði ég búið í Edinborg í um sex ár, þar sem ég var meðal annars í námi og vann með skóla á hinum ýmsu vínbörum. Þar heillaðist ég af víngerð en vissi í raun ekki neitt um víngerð á þessum tíma. Er Sauvignon blanc víngerð eða tegund af berjum? Ekki hugmynd!“ segir Jas hlæjandi.

Hún útskýrir að hún hafi svo sótt víngerðarnámskeið og haldið áfram að vinna á vínbörum og á endanum flutt til Íslands þar sem hún hóf störf á Dilli. „Þar er mikil áhersla á náttúruvín og ég heillaðist virkilega mikið af þessari tegund vína og elska þetta.“

Náttúruvín eru „léttvín sem eru ekki iðnframleidd og engu kemisku sulli dælt út í“, eins og Dóri DNA útskýrði eitt sinn í blaðinu.



Jas verkar vínið sjálf á vékrum í Þýskalandi. Vínin hennar bera íslensk nöfn í bland við norræn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Norræna goðafræðin heillaði

Jas fór að vinna sín eigin vín, af vékrum í Móseldalnum og víðar í Þýskalandi árið 2019. Vín frá henni bera heitið Katla vín og bera nöfn eins og Frigg, Hiltja og Síf.

„Á þessu tímabili hafði ég sókk mér í norræna goðafræði og fékk hugmyndina að nafngiftinni þaðan,“ útskýrir Jas. Vínin frá henni eru öll handgerð og bætir Jas engu við þau né fjarlægir úr vínberjunum.

„Víngerð er auðvitað frekar flókin en í grunninn er þetta þannig að ég bý ekki endilega til sama vínið á hverju ári,“ segir Jas og nefnir að því séu nöfnin breytileg eftir því hvernig vínið smakkast á endanum hjá henni.

„Fyrsta vínið fékk nafnið Frigg en ári seinna varð Riesling-ið ekki eins og árinu áður, þannig að þá fékk vínið nafnið Hiltja. Þetta er í raun fjölskylda, enda vínin með ákveðin fjölskyldutengsl þótt þau séu ekki eins.“

Líkamlega erfitt

Jas segist elska víngerðina en viðurkennir að hún taki á og sé ekki endilega fyrir hvern sem er. „Þú ert að vinna með náttúrunni og í mismunandi aðstæðum hvert einasta ár. Þetta er mjög skapandi ferli en getur tekið rosalega mikið á,“ útskýrir Jas.

„Stundum ertu í 35 gráðum úti á vékrunni í átta klukkustundir á



Stundum ertu í 35 gráðum úti á vékrunni í átta klukkustundir á dag. Það er mjög erfitt.

dag. Það er mjög erfitt. Svo eru tímabil þar sem þú þarft einfaldlega að vinna í 16 klukkustundir á dag í sirka sex vikur samfleytt og svefn er alls ekki í forgangi.“

Hún tekur fram að þetta sé samt skemmtilegt. „Þetta er smá eins og að elda og dregur fram í manni skapandi hliðar. Ég elska að prófa mig áfram og blanda saman mismunandi hráefnum, setja saman tvær tegundir af vínberjum eða jafnvel fleiri og kukla í súrustiginu.“ ■

Miami Bar til Sölu



Skemmtistaðurinn MIAMI BAR við Hverfisgötu 33 er til sölu. Áhugasamir vinasamlegast setjið ykkur í samband við Húnboga J Andersen lögmann í síma 8922831 eða á hunbogi@hjandersen.is.

MIAMI
HVERFISGATA



Tómas mundar fiðluna með bróðursyni sínum, Guðbjarti Hákonarsyni.

MYND/ADSEND

Tónlistaruppgjör Lækna-Tómasar

arnartomas@frettabladid.is

Undanfarnar vikur hefur Tómas Guðbjartsson sagt hlustendum Rásar 1 sögur af þeirri tónlist sem snert hefur við honum í gegnum árin í þættinum Hljóðrás ævi minnar. Þar rekur Tómas allt frá skamm-lifum blokkflautuferli sínum í Melaskóla og yfir í túr með Jagúar um Suður-Svíþjóð.

„Ég átti ekki von á því að viðtökurnar yrðu svona góðar,“ segir Tómas. „Þetta er mest kannski hlustendahópur Rásar 1 sem er kominn yfir fimmtugt en það breytir því ekki að útvarp er orðið miklu meira í tisku en það var.“

Hugmyndin að þáttunum kom til þegar Þróstur Helgason dagskrárstjóri ýtti ítrekað á eftir Tómasi um að gera þætti um sænskan píanódjass.

„Ég tók því alltaf vel en hafði aldrei tíma til að gera þetta. Svo steinlá ég í Covid um daginn og dróslaðist til að fara í gegnum lögin sem hafa fylgt mér í gegnum ævina og þá small þetta einhvern veginn.“



Svo steinlá ég í Covid um daginn og dróslaðist til að fara í gegnum lögin sem hafa fylgt mér í gegnum ævina.

Tómas segir tónlistarsmekk sinn í breiðari kantinum þótt hann eigi erfitt með rapp. Er einhver von á því að hann muni næst leggja í þætti þar sem hann siglir um höf rappheimsins?

„Það er aldrei að vita!“ svarar Tómas hlæjandi. „Ég er alveg til í að gefa því séns. Ég viðurkenni alveg að ég er ekki sterkur þar.“ ■

Sigraðu innkaupin!

Tilboð gilda 23. og 24. júlí

Nauta mínútu-steik

2.879 kr/kg
4.798-kr/kg



SS



Lamba-ribeye, kryddlegið

3.179 kr/kg
4.896-kr/kg



Ferskur ananas

239 kr/kg
349-kr/kg



Hrásalat MM, 380 g

375 kr/stk
469-kr/stk



Lambalærissneiðar, grill piparmix

2.379 kr/kg
3.399-kr/kg



BBQ-grísarif

1.084 kr/kg
1.549-kr/kg



Sérbakað vínarbrauð

135 kr/stk
269-kr/stk

Heilsuvara vikunnar



Fjölvitamín fyrir börn VitaYummy, 60 stk.

1.499 kr/pk
2.999-kr/pk



Sigraðu innkaupin og fáðu betra verð á matvöru með Samkaupa appinu

nettó

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Fordómar alltaf tilefni til fréttaskrifa

Frétt vikunnar

Björn Þorfinnsson

odduaevar@frettabladid.is

„Ég verð nú að taka undir með vararíkissaksóknara að þessi fréttavika var með agúrkuáferð.

Sá ágæti embættismaður vildi nú meina að það væri fyrst og fremst ástæða þess að allir fjöl-

miðlar landsins væru að fjalla um Facebook-færslu sem hann lét falla í vikulok.

Ég get þó fullvissað hann um að fordómafull ummæli embættismanna, sérstaklega í réttarkerfinu, verða alltaf tilefni til fréttaskrifa.

Lesendur fréttamiðla voru líka afar áhugasamir um innflutt gleraugu sem fást á Ali Express en með límmiða sem er byggður á íslensku hugviti.

Þeir sem voru hneykslaðastir á þessu voru reyndar aldrei að fara að kaupa skartið enda held ég að markhópurinn sé vonandi fullkomlega meðvitaður um að ef íslenskir áhrifavaldar blása í herlúðra varðandi nýja úra-, fata- eða skartgripalínu þá er sú vara keypt af kínverskum vörulistum.

Svo gladdi kvennalandsliðið þjóðina mjög en líklega fær þó tveggja stafa verðbólga vinninginn

hjá mér varðandi tíðindi vikunnar. Það er aðeins út af því að ég fékk skyndilega símtal frá Bretlandi þar sem reynt var að sannfæra mig um að fjárfesta í óskræðum hlutabréfum ytra.

Vel upplýstur sölumaður af indverskum uppruna notaði þau rök að ég þyrfti að herða mig í tekjuöflun út af dýrtíðinni. Ég ætla að liggja undir feldi um helgina,“ segir Björn Þorfinnsson ritstjóri. ■



Björn Þorfinnsson, ritstjóri DV.



SUMARÚTSALA BETRA BAKS

ALLT AÐ **60%**
AFSLÁTTUR



20%
AF SÆNGUM
OG KODDUM



60%
AFSLÁTTUR

EXCLUSIVE TOPPER
Gæsadúnn. 90 x 200 cm.
Verð: 30.900 kr.
Nú 12.360 kr.

10-40%
AF HEILSUINNISKÓM

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.



VEFVERSLUN
www.betrabak.is
OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIÐI 1
Ísafirði
456 4566



Sirkusstjóri kynnir Dæturnar til leiks í laginu sem er eins og sérhannað til að halda uppi stuðinu.

MYND/ADSEND

Dæturnar bjóða í sirkus

Reykjavíkurdætur eru mættar með nýjan sumarhittara, Sirkus. Steinunn Jónsdóttir segir lagið sérsamið fyrir opnun sveitarinnar á tónlistarhátíðum.

odduaevar@frettabladid.is

„Við höfum hugsað þetta sem sérstakt opunarlag, til þess að byrja hverja og eina sýningu af alvöru krafti,“ segir Steinunn Jónsdóttir, rappari og söngvari. Lagið hefst á sirkusstjóra sem kynnir dæturnar á sviði í alvöru stemningu.

„Við hugsum nefnilega alltaf mikið um sviðsetninguna hjá okkur og okkur langaði að semja alvöru neglu, sem er ekkert eðlilega kröftug til að hefja tónleika á,“ útskýrir Steinunn.

Salka Valsdóttir Reykjavíkurdóttir pródúserar lagið og tekur það upp. „Þetta er sjálfspurftarbúskapur,“ segir Steinunn létt í bragði. „Við höfum alltaf einbeitt okkur að sviðsetningunni og gerum alltaf okkar mesta, sama hversu stórt sviðið er,“ segir Steinunn hlæjandi.

Mikið spilað á Íslandi

Talið berst að sumrinu hjá Reykjavíkurdætrum. Steinunn segir þær aldrei hafa spilað eins mikið á Íslandi. Í upphafi sumars fóru þær samt til Noregs þar sem þær héldu meðal annars fyrirlestur um sögu sveitarinnar fyrir menntskælinga.

„Svo spiluðum við á tónlistar-



Stelpur geta látið sig dreyma um þetta án þess að verða kvíðnar vegna mótlætis.

Tíu ár af dætrum

Dæturnar eru gríðarlega vinsælar hjá ungu kynslóðinni og héldu fjölskyldutónleika í Iðnó í maí. „Talandi um að vera barnastjörnur, þetta er einmitt í fyrsta sinn sem við gefum út tvær útgáfur af einu lagi, en önnur útgáfan er aðeins útvarpsvænni,“ segir Steinunn hlæjandi.

„Um daginn spiluðum við fyrir 5.000 stelpur á Síamótinu og allar sungu með. Það er stórkostlegt að ná til svona margra og geggjað að nú sé komin fram kynslóð sem elst upp við það að það sé eðlilegt að konur séu alls konar, að gera alls konar tónlist og rappa,“ segir Steinunn.

„Við erum með svo margar flottar fyrirmyndir núna í tónlistinni. Við höfum starfað í tæp tíu ár en þetta er svona í fyrsta sinn sem samfélagið hefur tekið okkur í sátt og núna er kannski fyrsta kynslóðin að fara að alast upp við að þetta sé eðlilegt og stelpur geta látið sig dreyma um þetta án þess að verða kvíðnar vegna mótlætis. Því það hefur aldeilis minnkað og við finnum vöðva lítið fyrir því í dag og það er geggjað.“

Steinunn segist vona að sveitin geti boðað til allsherjar veislu í til efni af afmælinu á næsta ári, en sveitin var stofnuð 2013. „Það er náttúrliga draumurinn! Að halda smá endurfundi. Enda hafa fleiri en tuttugu konur stigið fæti inn í þessa hljómsveit og það væri geggjað að halda veislu í Eldborg og fá alla! Eða bara Laugardalshöll eða eitthvað.“ ■

AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðmundur Örn Jóhannsson guðmundur@torg.is, ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050: Andrés Bertelsen andres@frettabladid.is, Auður Hünfjörð audur@frettabladid.is, Reynir Elís Þorvaldsson reynir@frettabladid.is, Örn Geirsson orn@frettabladid.is FÖLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078: Arnar Magnússon arnar@frettabladid.is, Jóhann Waage johannwaage@frettabladid.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, Ruth Bergsdóttir ruth@frettabladid.is FÖLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elin Albertsdóttir elin@frettabladid.is RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason hrrannar@frettabladid.is, TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@frettabladid.is

Parki
INTERIORS

Harðparket

Parki býður upp á mikið úrval af hágæða harðparketi frá heimspektum birgjum.

Vandaðu valið og veldu umhverfisvænt, slitsterkt og vatnsþolið harðparket frá Parka.

Komdu við í sýningarsal okkar að **Dalvegi** og ræddu við sérfræðinga Parka og fáðu faglega ráðgjöf.

Krono
Original
High Quality

MEISTER

Parki
INTERIORS

Dalvegi 10-14
201 Kópavogi
595 0570



Finndu okkur á **Facebook!**
facebook.com/Parki.interiors



parki.is



**Kláraðu
pallinn
núna!**

**SUMAR
MARKAÐS-**

DAGAR

25-50%

afsláttur af völdum vörum

25%
afsláttur
af gagnvarinni furu

25%
afsláttur
af timbur-
blómakössum



25%
afsláttur
af girðingaeiningum



30%
afsláttur
af sumarblómum
og jurtum



Skannaðu kóðann og
skoðaðu allt úrvalið
af pallaefni hér

**SAMAN Í
60 ÁR**

BYKO

Einhell®



25%

RAFHLÖÐU-BORVÉL

Rafhlöðuvél með 2 gíra mótör. Vélin hefur svokallað "quick stop" eiginleika frá Einhell sem þýðir að vélin hættir að vinna um leið og gíkknum er sleppt. LED ljós.

Vnr. 74826002

23.471

Almennt verð: 31.295

RYOBI



25%

VERKFÆRATASKA

Verkfæratasta með R18PD3 rafhlöðuhöggborvél, R18JS stingsög, R18AG slípirokki, R18PS juðara, 2 rafhlöðum og hleðslutæki. Rafhlöður sem fylgja eru 1x2.0Ah og 1x5.0Ah. Einnig fylgir með bora- og bitasett.

Vnr. 7133004771

82.496

Almennt verð: 109.995

RYOBI



25%

HÖGGBORVÉL

Kolalaus höggborvél úr HP línu Ryobi sem er með öflugri mótör og léttari en hefðbundin verkfæri. Hleðslutæki fylgir einnig.

Vnr. 7133005283

41.246

Almennt verð: 54.995

BOSCH



RAFHLÖÐUSKRÚFVÉL

Létt og þægileg rafhlöðuskrúfvél með 1,5Ah rafhlöðu. IXO er ein vinsælasta og mest selda skrúfvélin í heiminum.

Vnr. 748640056

9.971

Almennt verð: 13.295

25%

NAPOLEON



Kílóvött Brennarar
10,8 2+1

25%

ROGUE GASGRILL

Hágæða gasgrill sem getur einnig virkað sem kolagrill. Kemur með Steel wave grillgrind og Accu-probe hitamæli. Einnig með Sizzle Zone hliðar-brennara sem getur náð allt að 800°C hita.

Vnr. 506600037

89.239

Almennt verð: 118.985

nomadiQ
bbq everywhere



FERÐAGASGRILL

Nett tveggja brennara ferðagrill, 3,2kW. Grillflötur 1460 cm² byngd 5,6kg

Vnr. 50633895

24.948

Almennt verð: 49.895

50%



50%

Vnr. 50632093

4.498

Almennt verð: 8.995

HLIÐARBORÐ

Auka hliðarborð fyrir G600 ferðagasgrill.

Broil King
Great Barbecues Every Time

25%

Kílóvött Brennarar
11,4 3



GASGRILL

Signet 320 gasgrill með þremur brennurum úr ryðfríu stáli, postulíns-húðaðar grillgrindur.

Vnr. 50657506

98.696

Almennt verð: 131.595

NAPOLEON



50%

Vnr. 506670032

2.148

Almennt verð: 4.495

GRILLSETT

Þú klikkar ekkert á að hreyfa og snúa matnum á grillinu með góðum spaða og töng.

BOSCH

25%

HÁPRÝSTIDÆLA

Ein vinsælasta háprýstidælan frá BOSCH, mjög létt og meðfærileg á hjólum. 130 bór, 380 l/klst, 7,8 kg, 1700 W, 3 í 1 stútur, sápubox.

Vnr. 74810238

29.921

Almennt verð: 39.895



GROHE

40%



STURUTÆKI

Krómað sturtutæki frá Grohe með 1/2" niðurstút fyrir barka og CoolTouch® tækni sem kælir yfirborð tækisins, sérstaklega hentugt þegar börn eru nálægt.

Vnr. 15334777

21.657

Almennt verð: 36.095



Skannaðu kóðann og skoðaðu tilboðin á byko.is



VIÐ ERUM HANDHAFI KUÐUNGSINS



Bakþankar

Tobbu Marinós



Mínútumanían

Eitt sinn töldu menn milljónir. Kúlur og krónur. Núllum var bætt aftan við sjálfsmyndina.

Svo var Ísland Game Over.

Þá fóru menn að telja mínútur.

Upp að steini, svo Hvannadalshnjúk. Sækóþon. Landvættir.

Svo fara hnén að kvarta og þá eru taldar mínútur í djúpsvefni.

Vel tanaðar talningavélarnar hóta hver annarri ótímabærri elli og heilaryrningun ef djúpsvefninn er ekki lágmark 55 mínútur á nóttu. Jafnvel besta spandexið felur ekki illa sofna aumingja.

Hvernig fer þá fyrir okkur barnafólkinu sem „sofumaldreiheilanótt“ (sagt á innsögu) né heila klukkustund?

Fótur í andlit, pissuslys, martröð, tala upp úr svefni, ganga í svefni eða guð hjálpi okkur ef allt er með kyrrum kjörum þá vaknar fólk samt samkvæmt áralangri þjálfun.

Er ég dæmd til þess að vera lifandi dauð að eilífu vegna djúpsvefnssveltis?

Já og sumarfríð segið þið. Sofa út þá?

Alls. Ekki.

Sumarfrí með börn er nefnilega eitt samfellt samningstímabil sem byggir helst á hótunum en er brotið upp með sundferðum og sjálfsásökunum.

Mín eina leið til andlegrar heilsu er að falla í mínútumaníupyttinn í viðleitni til að hafa stjórn á einhverju. Á hlaupum mínum í gegnum fríðað æðarvarp með kríuský sleikjandi á mér sveitt ennið varð mér hugsað til Tómasar Guðmundssonar og þeirrar staðreyndar að manían er ekki ný. Aðeins áþreifanlegri og nú með filter.

Urð og grjót, upp í mót, huggulegt stanslaust blót.

Verða að skila mínútum undir fót, til þess eins að standast manna-mót. ■

Sigraðu innkaupin fyrir útileguna



nettó

ÚTSALAN er í fullum gangi!

Við höfum lækkað verð á vörum í öllum deildum og því er tilvalið að lifga upp á heimilið með fallegum og hagnýtum vörum á enn lægra verði. Komdu og skoðuðu úrvalið, við tökum vel á móti þér!

- ÚTSALA** TÄRNABY borðlampi ~~3.690,-~~ 2.490,-
- ÚTSALA** NYMÁNE loftljós ~~7.490,-~~ 4.990,-
- ÚTSALA** MUSIK veggjós, fastengt ~~4.490,-~~ 2.990,-
- ÚTSALA** NYMÁNE kastari í loft þriggja ljósa ~~5.990,-~~ 3.990,-
- ÚTSALA** EVEDAL loftljós ~~19.990,-~~ 13.990,-
- ÚTSALA** DEJSA loftljós með þremur ljósum ~~10.990,-~~ 7.690,-
- ÚTSALA** FRYELE hlaðanlegt LED vasaljós ~~1.290,-~~ 795,-
- ÚTSALA** SOLKLINT borðlampi ~~3.290,-~~ 1.990,-
- ÚTSALA** RANARP gólf-/leslampi ~~8.490,-~~ 6.490,-
- ÚTSALA** SOLKLINT veggjós, fastengt ~~3.290,-~~ 1.990,-
- ÚTSALA** SÖDÁKRA loftljós ~~9.990,-~~ 7.990,-
- ÚTSALA** SOLBO LED borðlampi ~~2.690,-~~ 1.890,-
- ÚTSALA** KNIXHULT góflampi ~~9.990,-~~ 6.990,-
- ÚTSALA** FORSÁ skrifborðslampi ~~3.690,-~~ 2.490,-
- ÚTSALA** NYMÁNE kastari í loft, fjögurra ljósa ~~7.490,-~~ 5.290,-
- ÚTSALA** TOKABO borðlampi ~~1.490,-~~ 995,-

Nú á matseðli á veitingastaðnum - gríptu tækifærið!

Lamba-sirloin með bakaðri kartöflu, rauðkáli og piparsósu

1.295,-

Verslun opin 11-20 - IKEA.is - Veitingasvið opið 10:30-20:00

